

# Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

NÓVEMBER 2014



11. tbl. 17. árg.

**Wilson's PIZZA**  
**S. 581 15 15**  
3 staðir 1 símanúmer  
Gnoðarvogi 44 - Ánanaustum og Eddufelli 6

**24 Hagkaup**  
**OPIÐ**  
ALLAN sólarhringinn  
á Eiðistorgi

**Slökkvitækjaþjónustan**  
**564 1433**  
Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur  
Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki  
Úrval slökkvitækja. Leitið tilboða!

- bls. 4 og 5  
Viðtal við  
**Jón Kristjánsson**

- bls. 8 og 9  
Viðtal við  
**Halldór Halldórsson**

- bls. 15  
KR-skokk



Gömlu SÍF skemmurnar við Ánanaust sem lengi hefur staðið til að rífa. Búseti hefur fengið byggingarétt á lóðinni en óvíst er um framtíðarsvæði fyrir KR sem gert hafði verið ráð fyrir í tengslum við byggingar Búseta.

## KR byggir ekki á SÍF lóðinni

Knattspyrnufélag Reykjavíkur hefur dregið sig út úr samstarfi um uppbyggingu á SÍF lóðinni svonefndu við Eiðisgranda en fyrirhugað var að félagið myndi ásamt Búseta hefja framkvæmdir þar. Áætlað var að Búseti myndi byggja 70 íbúðir en að einnig yrði byggt íþróttahús sem að hluti yrði niðurgrafið. Búseti hefur umráðarétt yfir lóðinni en nú mun að öllum líkindum verða farið út að gera nýtt deiliskipulag af svæðinu þar sem gert verður ráð fyrir íbúðum á svæði þar sem íþróttastaðan átti að rísa.

Hjálmar Sveinsson formaður umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar segir að eftir að Búseti hafi fengið umráð yfir lóðinni hafi farið af stað viðræður við KR sem lengi hafi leitað eftir

bættari aðstöðu í Vesturbænum sem hafi lokið með samkomulagi um að Búseti reisti 70 íbúðir af stærðunum tveggja til sex herbergja. Síðan yrði gerður innigarður á mótinu suðri sem KR myndi byggja fjölnotahús sem yrði niðurgrafið að hálfu og ofan á því yrði garður. „Síðan hefur komið í ljós að forráðamenn KR telja að þetta fyrirkomulag henti þeim ekki og að þeir vilji fremur byggja upp aðstöðu á umráðasvæði sínu við Kaplaskjól þannig að ekkert mun verða úr þessari fyrirætlun,“ segir Hjálmar og bætir við að Búseti sé áfram með umráðarétt á SÍF lóðinni og að nú verði unnið að því að koma á nýju deiliskipulagi. Það sé ekki komið á leiðarenda en trúlega verði gert ráð fyrir fleiri íbúðum á svæðinu eftir að ljóst var að

hugmyndin um samstarf við KR verði ekki að veruleika.

Hjálmar segir að upphaf þessa máls megi rekja til ársins 2012 að Reykjavíkurborg keypti umrædda lóð af Landsbankanum með það í hyggju að þar risu íbúðir. Eftir það hefði húsnæðissamvinnufélagið Búseti fengið lóðina til umráða sem væri samkvæmt stefnu borgarinnar um nauðsyn þess að byggja meira af húsnæði á viðráðanlegu verði fyrir tekjulægra fólk. Borgin verði að hafi ákveðið frumkvæði að þessu leyti vegna þess að markaðurinn leitist við að byggja yfir þá sem geti borgað mest og þéttingarverkefnið verði að miðast við að sem flestir hópar geti nýtt sér aukna byggð.

**PANTAÐU Á DOMINOS.IS**  
DOMINO'S APP SÍMI 58 12345

**Fljótt & Gott**  
Heimilismatur  
alla daga frá 11 til 20  
ALLTAF NÆG, FRÍ BÍLASTÆÐI

FLJÓTT & GOTT UMFERÐAMIÐTÖÐIN  
www.fljottogott.is

**græn heilsa**  
Ægisíða 121  
Sími 551 1717  
Opið alla virka daga  
frá kl. 10 - 17.30.



## Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:  
Virka daga: kl. 9-18:30  
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

## Þegar líða fer að jólum - hátíðarmatur, úrval af villibráð



Hreindýrakjöt, villigæsabringur, lifrarkæfuefni, hamborgarhryggir, franskar Labeyrie andabringur, kalkúnar, kalkúnabringur, sænsk jólaskinka, foie gras, patè, villigæsa- og andaconfit, KEA, SS og Hólsfjallahangikjöt, tvíreykt sauðahangikjöt, aliendur, aligæsir, dúfur, krónhjartarkjöt, zebrakjöt, kengúra, dádýr, stökkandabringur, fasanar, íslenskar nautalundir, carpaccio, hérafíle, ofl. ofl.

Látið fagmenn okkar aðstoða við valið á hátíðamatnum.

**Melabúðin**  
þín verslun  
Sími 551-0224



# Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 170 Seltjarnarnes • Pósthólf 172

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Morgunblaðið

11. tbl. 17. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í póstnúmerum 107 og 101.

# S T U T T A R

## B O R G A R F R É T T I R



### Tvær lóðir fyrir aðflutt hús í Vesturbæ

Tvær lóðir eru til sölu í Vesturbæ og í Skerjafirði. eru þær ætlaðar fyrir hús sem flutt yrðu af öðrum lóðum eða frá öðrum stöðum. Lóðirnar eru við Þrastargötu og Einarsnes. Sú krafa er gerð að hús sem sótt er um að flytja á þessar lóðir falli vel að umhverfinu og séu í svipaðri stærð og nærliggjandi hús.

Magnús Ingi Erlingsson hjá skrifstofu eigna og atvinnubrúna, sem heldur utan um sölu lóða í Reykjavík segir að umsóknir verði metnar af skipulagsfulltrúa með tilliti til skipulagssjónarmiða svo sem stærðar lóðar og nýtingarhlutfalls. Byggingarréttur á lóðunum er seldur á föstu verði. Þrastargata 1, sem er 125 fermetra lóð, kostar 8,5 milljónir að meðtöldum gatnagerðargjöldum og Einarsnes 62 sem er rúm 500 fermetrar kostar 14,5 milljónir.

### Nýtnivika beinir athygli að matarsóun

Nýtnivikan stendur yfir í Reykjavík þessa dagana. Markmið vikunnar er að draga úr myndun úrgangs og hvetja fólk til að nýta hluti betur. Þetta er í þriðja sinn sem Nýtnivika fer fram hér á landi og þema vikunnar að þessu sinni er að draga úr matarsóun. Matarsóun er fjárhagslegt, samfélagslegt og umhverfislegt vandamál sem mikilvægt er að taka á.

### Purfum að hafa fyrir þessu



Frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2015 og fimm ára áætlun 2015 til 2019. Hafa verið lagðar fram í borgarstjórn. „Þetta er varfærin fjárhagsáætlun sem einkennist fyrst og fremst af ábyrgum rekstri og öðrum áherslum nýs meirihluta. Reksturinn gengur í stuttu máli fínt en við þurfum að hafa aðeins fyrir þessu,“ segir Dagur B. Eggertsson borgarstjóri. „Fyrirtækin okkar eins og Orkuveitan eru enn að greiða niður miklar skuldir en á næstu fimm árum verða skuldir OR farnar niður um 80 milljarða.“ Í fjárhagsáætluninni má finna þær áherslur sem meirihlutinn kynnti í sumar. Gjöld á barnafjölskyldur lækka, frístundakortið hækkar, stofnað er nýtt stjórnkerfis- og lýðræðisráð og áhersla lögð á velferðarmál, læsi, verk- og listgreinar í skólum auk uppbyggingar leigumarkaðar og annarra uppbyggingaráforma og innleiðingar aðalskipulags Reykjavíkur. Borgarstjóri kynnti

áform um að fjölga almennum félagslegum leiguíbúðum um 500 sem hluta af því að koma af stað 2.500 til 3.000 nýjum leigu- og búseturéttaríbúðum á næstu þremur til fimm árum.

### Þrjár til fimm hæðir á Hlíðarenda

Umhverfis- og skipulagsráð hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi Hlíðarenda. Helsta breytingin á deiliskipulaginu er sú að íbúðum á Hlíðarendasvæðinu er fjölgað úr 360 í 600. Fjölgunin byggist á því að íbúðirnar verða minni og rými atvinnuhúsnæðis minnkar talsvert. Ekki er gert ráð fyrir hækkun húsa í breyttu deiliskipulagi. Hins vegar eykst fjölbreytileiki húshæða, en byggingarnar á svæðinu voru í eldra deiliskipulagi 4 til 5 hæðir en verða nú 3 til 5 hæðir.

### Allt að 3000 leiguíbúðir

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri kynnti sjónarmið borgarinnar um uppbyggingu leigumarkaðar og félagslega blöndun á kynningarfundum í Ráðhúsinu nýlega. Áætlað er að 2.500 til 3.000 leiguíbúðir fari í uppbyggingu í Reykjavík á næstu þremur til fimm árum. Í framtíðaráherslum Reykjavíkurborgar er gert ráð fyrir að Félagsbústaðir eigi kauprétt á allt að 5% íbúða fyrir félagslegar leiguíbúðir til að tryggja góða félagslega blöndun í öllum hverfum. Í Reykjavík er áætlað að byggðar verði um 5.000 nýjar íbúðir á næstu fjórum árum. Framkvæmdir eru ýmist hafnar eða á teikniborðinu. Íbúar geta nú skoðað allar hugmyndirnar inni á vefsvæðinu Betri hverfi 2015 á Betri Reykjavík og tekið þátt í rökræðum með eða á móti þeim. Þá geta þeir deilt hugmyndum á samfélagsmiðlum og beðið fólk um að styðja tiltekna hugmyndir. Reykjavíkurborg hvetur íbúa í hverfum borgarinnar til að heimsækja vefinn og ræða þær hugmyndir sem þar er að finna [www.betrireykjavik.is](http://www.betrireykjavik.is)

### Umbreytt Hverfisgata opnuð



Dagur B. Eggertsson borgarstjóri, Rósa Birgitta Ísfeld, söngkona og íbúi á Hverfisgötu og Rosmarý Bergmann hjá Stórum Stelpum klipptu á borða við góðar undirtektir viðstadra þegar umbreytt Hverfisgata var opnuð á dagunum. Guðjón Friðriksson sagnfræðingur og Hjalmar Sveinsson formaður umhverfis- og skipulagsráðs fóru fyrir göngu af þessu tilefni og gerðu sögu og framtíðarsýn Hverfisgötu góð skil. Við lok göngunnar var gatan formlega opnuð. Hverfisgatan hefur tekið miklum breytingum í gegnum tíðina. Hún var upphaflega aðalstígurinn í Skuggahverfi, gatan í

hverfinu, en lengdist með árunum til vesturs og austurs. Gatan þótt oft illfær og var af þeim sökum stungið upp á að hún hétu Leggjabrjótur. En tímarnir breyttust. Fyrsta gangstétt bæjarins var lög úr steinlímdu hellum upp Hverfisgötu og hún var einnig fyrsta gatan sem var malbikuð austan við Læk.

### Hraðhleðsla í miðborgina

Orka náttúrunnar opnaði nýlega hraðhleðslustöð fyrir rafmagnsbíla við Fríkirkjuveg í samstarfi við Reykjavíkurborg. Stöðin er sú fyrsta í miðborginni en sú níunda sem Orka náttúrunnar setur upp á árinu. Það var Pétur Viðar Elínarson, rekstrarfulltrúi hjá sorphirðu Reykjavíkurborgar, sem fékk fyrstu hleðsluna úr stöðinni. Hann notar rafmagnsbíl við störf sín en næstum níu af hverjum tíu bílum sem Reykjavíkurborg rekur eru knúnir umhverfisvænni orku, metangasi eða rafmagni.

### Börn í Vesturbæ vinna með Barnasáttmálann



Starfið í frístundaheimilum í Vesturbæ er þessar vikur helgað efni Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem á 25 ára afmæli 20. nóvember. Þau ræða muninn á grundvallarmannréttindum og forréttindum og vinna verkefni í bókinni „Réttindin mín“. Sérhver dagur hefur sitt þema og unnið er í listasmíðjum alla daga vikunnar. Í íþróttasal er jafnframt boðið upp á leiki sem byggja á samkennd, samvinnu og að enginn eigi að vera beittur órétti. Þá fá börnin að kynna því hvernig það er þegar þau eru svipt ákveðnum réttindum. Þau leita svara við spurningum eins og; hvernig ætli það sé að búa á stað þar sem grundvallarmannréttindi eru fótum troðin, hvernig er að vera sviptur sjálfræði sínu og valfrelsi og má maður mótmæla slíku.

### Vesturbæingar



Ég hef nú aldrei notað Reykjavíkurlugvöll!



rafmagn@mi.is

Geri við allar tegundir startara, alternatora, beinar innspýtingar, rafmagn í bílum og bátum.

### Sævar

Bíla- og bátarafmagn

Sími 561-1466 - Kirkjubraut 13, Seltjarnarnes

## Leyfum Rögnunefndinni að ljúka störfum

Flugvallarmálið er á ný komið á dagskrá að því að virðist vegna deiliskipulags um Hlíðarendasvæðið þar sem gert er ráð fyrir fjölgun íbúða og byggingu atvinnuhúsnæðis. Talið er að byggingar við Hlíðarenda takmarki notkun svokallaðrar 06 - 24 flugbrautar. Í tölum frá Isavia kemur fram að á síðustu sjö árum hafa lendingar á brautinni að jafnaði verið um 0,6% allra lendinga á flugvöllum.

Innanlandsflug á sér langa sögu og rætur í þeirri tíð að tæpast var talið að heilsársfærir vegir yrðu lagðir um landið. Á hátindi innanlandsflugsins var flogið til allt að 20 staða víðsvegar um landið og flugstarfsemi sinni af nokkrum flugfélögum. Flug er dýr samgöngumáti og þegar vegir voru byggðir upp kom hagkvæmnin við samgöngur á landi umfram flugið í ljós. Í dag er aðeins flogið til þriggja áfangastaða á stórum flugvélum sem flestar eru orðnar um tveggja áratuga gamlar en minni félög sinna flugi á nokkra staði. Verðlagning fargjalda er með þeim hætti vegna kostnaðarsamsamgöngumáta en einnig óhóflegar skattlagningar af hálfu hins opinbera að flugið er illa samkeppnisfær kostur við þjóðvegina og ólíklegt að það sæki aftur á. Þróun þess getur því haft afgerandi áhrif á flugstarfsemi og framtíð Reykjavíkurlugvallar.

Fjögur sjónarmið eru einkum uppi um framtíð flugsamganga við Reykjavík. Eitt er að hrófla hvergi við núverandi Reykjavíkurlugvelli. Annað að gera breytingar á flugvallarstæðinu sem myndu auka athafnarými í Vatnsmýrinni en skerða nýtingarmöguleika vallarins aðeins að litlu leyti. Í þriðja lagi að loka honum með öllu og byggja annan flugvöll í nágrenni borgarinnar og í fjórða lagi flytja þá starfsemi sem þar er til Keflavíkurlugvallar.

Svo langt er nú gengið að nokkur hluti þingmanna vill setja lög um að taka skipulagsvald flugvallarsvæðisins af Reykjavíkurborg og færa það til Alþingis vegna málsins. Halldór Halldórsson borgarfulltrúi í Reykjavík og formaður Sambands Íslenskra sveitarfélaga segir slíkt af og frá í viðtali við Vesturbæjarblaðið. Varasamt og jafnvel fordæmisgefandi sé að hrófla við skipulagsvaldi sveitarfélaganna auk þess sem á einhverjum tímapikti geti myndast samstaða á Alþingi um að leggja flugvöllinn niður. Slíkt leysi engan vanda.

Því miður er umræðan um þetta stóra mál að mestu í svart hvítum tilfinningastíl með eða á móti. Það virðist einnig hafa fengið að hluta á sig flokkspólitískan blæ sem ekki kann góðri lukku að stýra. Eins og oft hefur verið bent á eru margir möguleikar í þessari stöðu þegar horft er til lengri framtíðar. Þá þarf að veita út frá allt öðrum forsendum en tilfinningalegum. Nú situr nefnd sem hefur það verk að vinna að meta hugmyndir að þessu leyti. Stundum kölluð Rögnunefnd í höfuðið á formanni hennar Rögnu Árnadóttur fyrrum dómsmálaráðherra. Leyfum Rögnunefndinni að ljúka störfum áður en tekið er til við að ræða málin.



# Melaskóli sprunginn

Melaskóli er sprunginn. Skólahúsnæðið nær ekki lengur að þjóna þeim tilgangi að hýsa nemendum, kennara og skólastarfið á Melunum. Sturtu- aðstaða er slæm, mótuneytið er of lítið og stólar og borð eru 68 ára gömul. Þetta kom m.a. fram á kynningarfundum um húsnæðismál og aðbúnað í Melaskóla sem haldinn var nýlega. Fjölmargir foreldrar barna í skólanum mættu á fundinn sem haldinn var og fulltrúar borgarinnar voru einnig á staðnum.

Í máli Dagnýjar Annasdóttir skólastjóra Melaskóla kom fram að skólayfirvöld hafi óskað eftir formlegri úttekt á skólanum og þegar komi að aðbúnaði og húsnæðismálum sé fyrsta forgangsatriðið að endurnýja stóla og borð sem séu orðin allt að 68 ára gömul húsgögn og í slæmu ástandi. Hún ræddi einnig um að málning í skólastofum séu orðin „ansi fátækleg“ og þriðja forgangsatriðið sem hún nefndi voru gamlar og illa farnar snyrtingar. Hún sagði að stöðugt fjölgaði nemendum við skólann og væri hann nú orðinn fjölmennasti grunnskólinn í borginni. Agnar Guðlaugsson, deildarstjóri byggingadeildar umhverfis og skipulagssviðs borgarinnar var á fundinum og útskýrði hann að hans deild sjái helst um viðhald fasteigna. Sagði hann foreldrum frá því að nú væri búið að taka út alla leikskóla í Vesturbænum og að grunnskólarnir séu næstir á dagskrá. Hann sagði



Glæsileg bygging Melaskóla en er barn síns tíma og þarfnast nú eðlilegs viðhalds.

að markmiðið væri að setja fyrst á dagskrá allt sem talist geti hættulegt. Síðast var málað í Melaskóla sumarið 2008 og vegna niðurskurðar í viðhaldi fasteiga borgarinnar hafi málning við skólann ekki enn komist á dagskrá. Á fundinum kölluðu margir foreldrar eftir heildarsýn yfir vandamál skólans sem einkennast af plássleysi. Ekki sé hægt að bæta endalaust við nemendum án þess að gera neitt í húsnæðismálum. Í máli Daníels Benediktssonar verkefnastjóra fasteigna- og búnaðarmála hjá Skóla- og frístundarsviði

Reykjavíkurborgar kom fram að Melaskóla verði tekin fyrir hjá skóla- og frístundarsviði innan skamms og beiðni um bættan aðbúnað rædd þar. Nefndi hann að nú væri jafnframt óskað eftir þremur kennslustofum en sé ekki vitað hvar þær eiga að vera og hvort það sé önnur lausn í boði en að fjölga stofum. Ljóst var á fundinum að margir foreldrar eru óþreijufullir eftir því vanda að skólans verði veitt athygli og hafist verði handa um áætlun til þess að bæta úr ástandi hans.



Eigandi Blómatorgsins hefur sótt um leyfi til að byggja átthyrnt hús fyrir blómaverslunina í stað þessara gömlu skúra.

## Rís átthyrnt hús á Birkimelshorninu?

Rís átthyrnt hús á horninu á Birkimel og Hringbraut innan tíðar. Það er spurning sem borgaryfirvöld eiga eftir að svara en umsókn þar að lútandi er nú til umfjöllunar hjá byggingafultrúa Reykjavíkur. Fyrir liggur teikning af hinu átthyrnta húsi eftir Magnús Skúlason arkitekt þar sem lögð er áhersla á að fella það inn í umhverfið í nánd við Þjóðarbókhöðuna.

Forsaga þessa mál er sú að Sigurður Þór Sigurðsson eigandi Blómatorgsins sótti fyrir nokkrum árum um að byggja ferhyrnt hús á lóðinni í stað núverandi húsnæðis sem byggt var

í áföngum fyrst 1949 en var stækkað síðar. Lengi vel var lítil verslun starfrækt við hlið blómabúðarinnar en á undanförunum árum hefur eingöngu verið stunduð blómasala í húsnæðinu sem löngu er orðið of lítið fyrir blómabúðina enda aðeins tæpir 50 fermetrar að stærð. Málið er tvisvar búið að fara í grenndarkynningu án þess að athugasemdir væru gerðar. Ástæða þess að málið mun aftur fara í kynningu er sú að nú hefur verið lögð fram önnur teikning af fyrirhugaðri byggingu þar sem um átthyrnt 76 fermetra hús er að ræða í stað ferhyrnts.

## Njóttu stemningarinnar Í HJARTA REYKJAVÍKUR

Skötuhlaðborð á Restaurant Reykjavík 23. desember

### ÞORLÁKSMESSUSKATA

Á Þorláksmessu bjóðum við upp á einstaklega girnilegt skötuhlaðborð.

Á boðstólnum verður vestfirsk skata, kæst tindabikkja, skötustappa, saltfiskur, plokksfiskur og úrval síldarrétta.

Verð kr. **3.900**  
Í hádeginu og um kvöldið

Í hádeginu verður  
**Eyjólfur Kristjánsson**  
í jólaskapi með gítarinn



Bókið tímanlega í síma  
**552 3030**



RESTAURANT  
REYKJAVÍK

Tel +354 552 3030  
restaurant@restaurantreykjavik.is  
www.restaurantreykjavik.is  
Vesturgata 2 - 101 Reykjavík

Nú færðu  
fríar litaprufur  
við val á nyrrri málningu



Slippfélagið  
Málningarvörur

Borgartún 22 | Dugguvogur 4  
Dalshraun 11 | Furuvellir 7, Akureyri

www.slippfelagid.is



# Blaðamennskan dró mig á þing

**J**ón Kristjánsson fyrrum ráðherra og þingmaður spjallar við Vesturbæjarblaðið að þessu sinni. Jón er Skagfirðingur að ætt og uppruna. Hann flutti ungur til Egilsstaða, þar sem hann eignaðist fjölskyldu. Eftir að hann tók sæti á Alþingi lá leiðin til Reykjavíkur og hann hefur búið í höfuðborginni í tæplega þrjú áratugi. Fyrst á Laufásvegi 25, sögufrægu húsi fast við sendiráð Bandaríkjanna, þá um tíma í Asparfellinu í Breiðholti en lengst af á Tómasarhaganum í Vesturbænum þar sem þau hjón hann og Hulda Margrét Einarsdóttir eiginkona hans festu kaup á húsnæði. Hann ræðir við Vesturbæjarblaðið um Austurland, blaðamennsku og ritstjórn, stjórnmalalífíð og síðast en ekki síst Vesturbæinn þar sem þau hjónin hafa búið í aldarfjórðung.

„Ég er Skagfirðingur. Fæddur í Stóragarði í Óslandshlíð, þar sem nú er myndarlegt samgöngumínjasafn, og ólst upp á Óslandi í sömu sveit, skammt innan við Hofsó. Ég fór í sumarvinnu í síld á Siglufirði á unglingsárum. Það var árið 1959. Þá voru enn mikil umsvif í bænum og mér fannst þetta ávintýralegt. Þetta var mín fyrsta reynsla af atvinnulífínu utan foreldrahúsa. Ég var þá 17 ára gamall og upplifði það andrúmsloft og spennu sem var í síldinni. Ég hefði ekki viljað missa af þessu. Um haustið fór ég í vegavinnu og þaðan í vinnu hjá Kaupfélagi Skagfirðinga og var í vinnu á Sauðárkróki næstu fjögur árin utan tvo vetur sem ég var í samvinnuskólanum á Bifröst. Þá ákvað ég að breyta til og yfirgaf Skagafjörðinn og hélt austur á land til starfa hjá Kaupfélagi Héraðsbúa. Ég átti skólabræður á Egilsstöðum sem ýtti undir áhuga minn að fara þangað, en ég hafði þegar þarna var komið sögu aldrei komið þangað. Þar kynntist ég konunni minni og stofnaði heimili og þá lá engin leið til baka. Hún er borin og barnfædd á Egilsstöðum. Við bjuggum þar næstu 22 árin, eða til ársins 1985 að við fluttum til Reykjavíkur þegar ég var orðinn þingmaður í fullu starfi. Við voru þó í mörg á eftir það meira og minna fyrir austan á sumrin og rætur okkar liggja á Austurlandi, enda var starfsvettvangur minn þar.

## Maður upplifði stöðuga fjölgun

En hvernig varð Jóni við að koma austur. Varð breytingin frá

Skagafirði mikil. Hann segir hana minni en búast mátti við. „Margt er nokkuð líkt með þessum bygðum. Skagafjörðurinn er opin og víðfeðmur og líkt er um Fljótsdalshérad. Helsta breytingin við að koma austur var að sjá ekki sjóinn en ég var alinn upp á sjávarbakkanum. Hins vegar vakti gróðursældin á Fljótsdalshérad í fljótt athygli mína og ég gerðist mikill stuðningsmaður skógræktar eftir að hafa kynnst góðum skógræktarmönnum þar, með Sigurð Blöndal í broddi fylkingar.“ Voru Egilsstaðir ekki bara smáþorp á þessum tíma. „Þegar ég kom þangað voru þar fáir íbúðar, enda voru aðeins 20 ár liðin frá því að fyrsta húsið var byggt í núverandi þéttbýli. Konan mín var annað barnið sem fætt var í þessu nýja sveitarfélagi.“ Jón segir að fólki hafi fjölgað ört á Egilsstöðum. „Þau ár sem við bjuggum þar var stöðug fjölgun og nú er íbúatalan í þéttbýlinu orðin á þriðja þúsund manns. Þetta fólk kom víða að, auðvitað margt úr nágrenninu, en einnig frá hinum ýmsu landshlutum að höfuðborgarsvæðinu meðtöldu. Frumbyggjarnir voru sveitamennt úr Skriðdal á Fljótsdalshérad sem stunduðu þjónustustörf við smíðar, rafvirkjun, bílavíðgerðir og fleira. Þeir fluttu með fjölskyldur sínar á þann miðpunkt sem Egilsstaðir eru og sköpuðu sér starfsvettvang þar. Síðan bættust fleiri þjónustupættir inn í atvinnulífíð og með fluginu varð staðurinn samgöngumiðstöð.

## Blaðamennskan dró mig á þing

Jón dróst að stjórnmalastarfi eystra. Hvernig bar það að. „Ég var orðinn áhugasamur um stjórnmal fyrir norðan. Þar kynntist ég rammpólítískum mönnum á borð við Guttorm Óskarsson og fleiri. Þar var pólitíkin hörð og menn stóðu fastir á sínu. Einnig hafði ég gaman af öllum þeim samskiptum við fólk sem þetta hafði í för með sér. Ég hafði löngun til að skrifa um stjórnmal og var beðinn að taka þátt í útgáfu Austra, blaðs framsóknarmanna á Austurlandi árið 1974 og varð þar ritstjóri og við fórum að gefa blaðið út vikulega. Þarna hygg ég að hafi orðið vatnaskil. Ég skrifaði nær vikulega um stjórnmal í blaðið á árunum 1974 til 1979, og allt til aldamóta þegar Austri hætti að koma út. Þetta var tómsundastarf, en varð til þess að fleiri á Austurlandi vissu deili á mér en ella. Eftir að ég kom á þing starfaði ég svo á Tímanum við að skrifa



Jón Kristjánsson fyrrum alþingismaður og ráðherra.

leiðara og ritstjórnarefni bæði meðan flokkurinn gaf hann út og seinna þegar Sveinn R. Eyjólfsson og Hörður Einarsson á DV tóku að sér útgáfuna. Í blaðamennskunni upplifði ég miklar tækibreytingar í að koma efni frá mér. Fyrstu árin sendi ég leiðarana út á flugvöll og það flugmann að stinga þeim í töskuna sína. Svo kom fæxæki á pósthúsinu sem var stórkostleg framför og fyrr en varði voru þau komin á allar skrifstofur þingsins. Síðan komu tölvurnar og netið og hægt að skrifa nokkrum mínútum fyrir „deadline“ eins og sagt er.“

## Lánsamur að hafa kynnst Vilhjálmi á Brekku

„Ég fór í framboð fyrir austan 1978 var þá í fjórða sæti listans. Við framsóknarmenn töpuðum stórt í þeim kosningum, og ég var á báðum áttum hvað gera skyldi, hvort ég ætti að halda áfram eða snúa mér að einhverju öðru. Það

varð úr að ég hélt áfram í sama sæti og árið 1979 voru kosningar á ný, þar sem flokkurinn náði því til sín sem tapaðist 1978. Eftir það kom ég inn á þing sem varamaður á hverju ári til 1985, eftir að hafa verið í framboði í þriðja sæti vorið 1983. Tómas Árnason hætti þingmennsku í árslok 1985 og varð einn af bankastjórum Seðlabankans. Ég hætti þá að starfa fyrir Kaupfélag Héraðsbúa og flutti til Reykjavíkur. Á þingi sat ég síðan í 22 ár til ársins 2007. Nei – ég sat aldrei á þingi með Vilhjálmi á Brekku. Hann hætti árið 1979, en ég var svo lánsamur á kynnst honum vel og starfa mikið með honum ekki síst á ráðherraárum hans. Hann var einstakur maður og þjóðþekktur, sístarfandi til dauðadags eins og kunnugt er.“

## Matarskattur hefur áður skekið Alþingi

Jón segir að þingmennskuár

hans hafi verið um margt umbrotaár í stjórnmalum. Samt var það svo að þegar ég hugsa til þeirra ára sem ég sat á Alþingi og gegndi starfi heilbrigðisráðherra í fimm ár og félagsmálaráðherra um stuttan tíma finnst mér þau hafa verið róleg miðað við það sem síðar hefur orðið, sérstaklega eftir hrunið. Ýmis mál voru þó umdeild og ýmis nýmæli voru leidd í lög. Ríkisendurskoðun var komið á fót sem stofnun 1988 og sömuleiðis embætti umboðsmanns Alþingis og þinginu var breytt í eina deild. Ýmsar breytingar sem höfðu mikil áhrif á daglegt líf áttu sér stað, og má þar nefna lög sem leyfðu bjórinn hér á landi. Þetta mál gekk þvert á flokka og var mjög tilfinningaríkt og erfitt. Þá var einkaréttur útvarpsins afnuminn. Það hafði gríðarleg áhrif á fjölmiðlun eins og allir þekkja. Það má einnig nefna að lög um fæðingarorlof tóku gildi sem var mikill áfangi í jafnréttismálum og breytt var lögum um vinnudeilur og settur rammi um samskipti aðila vinnumarkaðarins. Páll Pétursson stýrði þessum málum sem félagsmálaráðherra.“

## Fiskveiðistjórnunarkerfið umdeildast

„Miklar breytingar voru líka gerðar á umhverfi atvinnulífsins og sú stærsta og umdeildasta var kvótakerfið í sjávarútvegi, en deilur um það standa enn. Ný löggjöf var sett um landbúnaðinn árið 1985 sem breytti því útflutningsuppbótakerfi sem atvinnugreinin bjó við og einnig var komið á framleiðslutakmörkunum í greininni. Mér er í fersku minni að um áramótin 1987-1988 voru fjárlögin ekki afgreidd fyrr en eftir áramót. Þetta var eftir gífurleg átök í lok árs um kvótakerfið og virðisaukaskatt á matvæli, og stóðu umræður milli jóla og nýárs fram til 30. desember. Það er ekki í fyrsta skipti nú sem matarskattur skekur Alþingi. Stjórnarandstaðan á þessum tíma var leidd af Alþýðubandalaginu og Borgaraflokknum, en þar voru Albert Guðmundsson og hans félagar. Starfsvettvangur minn í Alþingi var þó einkum í fjárlaganefnd þar sem ég sat í 10 ár og þar af formaður í sex ár.“

## Laufásvegur, Asparfell og Tómasarhagi

Af því að Jón og Margrét brugðu búi fyrir austan, ef svo má að orði komast og fluttust til Reykjavíkur fór Vesturbæinn fljótlega að koma við sögu þeirra.

Frá 18. nóvember

# Jólamatsedill

## Tapas barsins

★ Hefst með Faustino freyðivíni í fordrykk

★ 7 gómsætir jólatapas fylgja síðan í kjölfarið

Tvíreykt hangikjöts tartar með balsamik vinaigrette  
Rauðrófu- og piparrótargrafinn lax  
Spænsk marineruð síld með koriander og mangó  
Léttreykt andabringa með malt- og appelsínsósu

Kalkúnabringa með spænskri „stuffing“ og calvados villisveppasósu  
Steiktur saltfiskur með sætri kartöflumús  
Hægelduð grísasíða með heimatilbúnu rauðkáli, fikjum og fjallagrasasósu

★ Og í lokin tveir ljúfir eftirrættir

Rise a la mande með berjasaft  
Ekta súkkulaðiterta

6.690 kr.



RESTAURANT-BAR

Vesturgata 3B | 101 Reykjavík  
Sími 551 2344 | www.tapas.is



„Þingmennskan leiddi til þess að við hjónin ákváðum að flytja til Reykjavíkur. Fyrst leigðum við hús við Laufásveg 25. Mig minnir að það hafi verið byggt 1925 af Einari Arnórssyni fyrrum ráðherra. Þetta var á tveimur hæðum og fyrr á árum bjuggu Halldór Laxness og Inga Laxness á efri hæðinni. Húsið stóð fast við bandaríska sendiráðið í miklu nábyli. Þarna vorum við í eitt og hálf ár og flutum þá í Asparfellið í Breiðholtið og bjuggum þar næstu þrjá vetur. Þá vildum við komast í meira nágrenni við miðborgina þar sem vinnustaðir okkar voru og festum kaup á hæð við Tómasarhaga þar sem við höfum nú búið í aldarfjórðung. Vesturbærinn hafði þá enga sérstaka þýðingu fyrir okkur aðra en nálægðina og göngufærið við miðbæinn, flugvöllinn og háskólasvæðið, en sonur okkar stundaði nám í Háskóla Íslands. Þegar ég hætti á þingi vorum við orðin róttöf á Tómasarhaganum og vildum ekki rífa okkur upp á ný, eftir að hafa verið á miklu flakki.“ Jón segir að það sé margt gott við Vesturbæinn, enda er hann eftirsótt borgarhverfi. „Við erum rétt við Ægissíðuna og sjáum úr stofuglugganum út á Skerjafjörðinn. Ægissíðan er eitt fallegasta útivistarsvæði í bænum og gönguleiðirnar með henni og áfram inn í Nauthólsvík, Fossvoginn og Elliðaárdalinn frábærar. En við Ægissíðuna er hættu á landbroti, eins og víðar á Suðvesturhorninu, þótt mikið hafi verið gert. Ég minnst umræðu um sjóvarnargarða hér þegar ég var í fjárlaganefnd og tel að við þurfum að vera á vaktinni fyrir ágangi sjávar.“

### Mæti í Vesturbæjarlaugina um sjöleytið

Jón segir ýmsa áhugaverða staði í Vesturbænum. Einn þeirra sé Vesturbæjarlaugin „Við mætum þar í sund um klukkan sjö flesta virka daga. Við erum þar með stórum hóp af góðu fólki sem hefur meðal annars kynnst við sundiðkun. Í dag höldum við hópinn víðar. Við förum í ferðalög og höfum ýmis konar félagsskap. Þessi hópur er að stofni til 30 ára þó að við höfum ekki verið með nema um helminginn af þeim tíma. Þarna er að finna fólk úr öllum áttum. Í dag fögnum við því hve vel er búið að endurbæta laugina, gera upp búningsklefa og setja upp rúmgóðan nýjan pott og stækka svæðið umhverfis hana.“

### Áhugaverð svæði í Vesturbænum

Jón segir ákveðinn miðpunkt í kringum Vesturbæjarlaugina. „Þar er Melabúðin og nýlega er búið að opna nýtt kaffihús handan götunnar og endurgera lyfjabúðina þar. Allt er þetta jákvæðir hlutir. Melabúðin er eins konar félagsmiðstöð og kaffihúsið er alltaf troðfullt og verður það áreiðanlega áfram. Grandinn er líka vaxandi samkomustaður. Við nokkrir sundfélagar drekkum morgunkaffi á Kaffivagninum á föstudögum, en sá staður hefur fengið rækilega andlitslyftingu. Sjóminjasafnið er áhugaverður staður með ágætu kaffihúsi. Á gamla hafnarvæðinu er að þróast sambland af hafnarstarfsemi, ferða og veitingaþjónustu og íbúðarbyggð og þetta svæði hefur allt til að bera að vera áhugavert í framtíðinni. Það er ákveðin þorpsstemning í Vesturbænum ef svo má að orði komast. Fólk þekkt og talar saman á götunni og það ríkir ákveðin eining um borgarhlutann. Ekkert ólíkt því sem maður hafur kynnst á landsbyggðinni. Ég held að þessi bæjarhluti sé á uppleið.“

### Farið oftast en þúsund sinnum um Reykjavíkurlugvöll

„Svo má ef til vill minnst á eitt viðkvæmt mál“ heldur Jón áfram. „Það er flugvöllurinn. Þegar ég

var mest á ferðinni hér innanlands þá fannst mér afskaplega þægilegt hve stutt var þangað úr Tómasarhaganum. Ég hugsaði að ég hafi upplifað meir en þúsund flugtök og lengingar á Reykjavíkurlugvelli og er eindreginn stuðningsmaður þess að hann verði áfram á þessum stað. Það er engum vafa undirorpið að þetta er besta flugvallarstæðið hvað varðar flugskilyrði. Það er miskilningur að Bretar hafi valið það. Flugmála-nefnd sem starfaði á fjórða áratug síðustu aldar komst að þeirri niðurstöðu að þarna væri besta flugvallarstæðið og Bretar byggðu þar upp seinna og gengu inn í þær skipulagshugmyndir sem voru fyrir. Það er alveg ljóst að breytingar sem hafa með för með sér að færa völlinn, stytta brautir eða leggja niður eina þeirra gera það að verkum að skilyrðin versna og öryggið minnkar frá því sem nú er. Mér finnst það ekki góð tilhugsun. Hins vegar er nauðsynlegt að ná niðurstöðu í þessu máli því allt er í biðstöðu út á flugvelli og aðstaða fyrir starfsfólk og farþega í innanlandsfluginu er ekki til mikils sóma svo ekki sé meira sagt.“

### Gæti séð fyrir mér aukin samskipti við Kanada

Þau hjón Jón og Margrét hafa dvalið nokkuð í Kanada á undanförunum árum. „Já – það er rétt. Við höfum oft komið vestur og einstaka sinnum dvalið þar um tíma. Það kemur meðal annars til af því að dóttir okkar og tengdasonur og synir þeirra tveir hafa búið þar á annan áratug, en hann er Kanadamaður. Þau búa í Vancouver sem er á Kyrrahafsströndinni. Þar er mikil náttúrufergurð og milt loftslag og fjöllin gleðja augað. Inn í landinu er loftslagið sveiflukennara miklir sumarhitir og nístandi vetrarkuldar. Vancouver er á svipaðri breiddargráðu og París. Það er úrkomusamara út við ströndina er rigningin færir þeim gröskumikinn og fallegan gróður. Dóttir mín er nýlega búin að finna mikinn frændgarð þarna sem er kominn út af systir ömmu minnar sem flutti vestur úr Eyjafirði í upphafi tuttugustu aldar. Þetta fólk býr í Langley fast við landamæri Bandaríkjanna sem liggja rétt fyrir sunnan Vancouver. Í British Columbia sem er vestasta fylki Kanada býr fjöldi Vestur Íslendinga, auk þeirra sem hafa flutt þangað í seinni tíð eða eru þar við nám. Samfélagið í Kanada er

um margt mjög gott. Þeir búa við heilbrigðiskerfi sem er byggt upp með tryggingum og hefur í meginatriðum reynst þeim vel. Ég sat eitt sinn fund í heilbrigðisráðuneytinu í Ottawa, og þeir lögðu mikla áherslu á sérstöðu sína frá Bandaríkjunum að þessu leiti. Kanada er vissulega samkeppnisþjóðfélag, en þeir eru fastheldnir á mörgum sviðum. Bankakerfið er dæmi um það. Þjónusta þess er miklu stírdari hvað varðar daglegar afgreiðslur eins og hér. Fólk fær greidd laun í ávísunum sem þarf að fara með í viðkomandi banka til að skipta þeim. Öll greiðsluþjónusta er stírdari og samtenging kerfa ekki eins langt komin og hér. Við erum svo snögg að taka nýja tækni í þjónustu okkar. Hins vegar slapp Kanada vel út úr bankakrepunni, miklu betur en Bandaríkin. Kannski er það þessari íhaldssemi og minni áhættusækni að þakka. Kanada er mikið fjölmenningsamfélag og þar tekst fólk af ólíkum uppruna ágætlega að búa saman. Ég hef heyrt að hálf milljón fólks af asískum uppruna, flestir frá Kína, Indónesíu, Indlandi og Suður – Kóreu búi í Vancouver einni auk fjölda annarra af ólíkum þjóðum og menningarheimum. Ég sé þetta meðal annars á kunningjahóp fjölskyldunnar okkar hann spannar

allar heimsálfur“ Talið berst að lokum að samskiptum Íslands og Kanada. „Það hefur orðið bylting í þeim samskiptum á stjórnmála og menningarsviðinu með stofnun sendiráðs í Ottawa og ekki síður ræðismannsskrifstofu í Winnipeg. Þarna hefur starfað á okkar vegum hörku fólk sem á miklar þakkir skilið fyrir að byggja upp samskipti við Vestur Íslendinga og þjóðina almennt. Þessi samskipti eiga örugglega eftir að vaxa á næstunni.“



# Orka og hreyfing til að njóta jólaanna

Full búð af lífrænum og nærandi jólagjöfum

Í EINUM GRÆNUM

Desember glaðningur fyrir viðskiptavini: Grænn orkudrykkur í boði hússins.



Í fallegum gjafapakningum: Lífræn húðkrem, olíur, sjampó og fæðubótarefni. Íslenskir skartgripir, Weleda, PureLogicol, Moana.

**græn heilsa**  
heilsa til framtíðar

Heilsuráðgjöf og heilsumælingar. Opíð 10-18, virka daga - Ægisíða 121 - Sími: 551 1717



## Aflagrandi:



# Margt að gerast á aðventunni

„Aðventan á Aflagranda“ orðin fastur liður í aðdraganda jóla í félagsmiðstöðinni Vesturreitum, Aflagrand 40 og stendur undirbúningur fyrir aðventuna sem hæst.

Að venju verður hún fjölbreytt og afar vönduð. Þar má þar finna einsöngvara, karlakór,blandaðan kór, stúlnakór, adventuhelgistund, „jólásögu ömmu“ fyrir börn úr Grandaskóla, adventusöngstund við píanóíð fyrir eldri borgara og leikskólabörn á Grandaborg. Jólábíó, ásamt adventu- og jólalbingói, er á sínum stað. Guðni Th. Jóhannesson tekur með sér góða gesti í sitt fasta bókasjall á aðventunni og fleiri bókakynningar eru á döfinni.

Snemma á aðventu bjóðum við gestum að skera laufabrauð að norðlenskri fyrirmynd og fá það steikt. Á sölutorgið koma ýmsir aðilar með vörur sem tengjast undirbúningi jóla, svo sem glæsilegan fatnað og skart, snyrtivörur fyrir dómur og herra, lúxus bað- og húðvörur og jólakertin frá Hlíðarbæ, svo nokkuð sé nefnt. Þar má líka finna margt sem tilvalið er til jólagjafa. Úr eldhúsinu á Aflagrandanum leggur smákökulm og húsið fer í jólalúning. Starfsfólkið nýtur þessa árstíma sérstaklega og hlakkar mikið til að njóta hans með íbúum hverfisins og öðrum þeim borgarbúum sem leggja leið sína í Vesturbæinn í desember.

# Öflugt skáklíf innan KR

Ekki eru allir sem vita um öflugt skáklíf og að skákdeild er starfandi innan Knattspyrnufélags Reykjavíkur. Skákiðkun á sér langa sögu hjá félaginu enda öflugir skákmenn á borð við Berg Bergsson markvörð og Gunnar Felixson hafa komið þar við sögu. Upp úr 1995 var afráðið að efla skákina að nýju og stóð Jóhann heitinn Þórisson í Skákprennt einum fyrir því að hefja hana til vegs og virðingar en hann var kunnur skákmaður. Kristján Stefánsson hæstaréttarlögmaður hefur leitt skákstarfið á undanförnum árum og verið formaður skákdeildarinnar frá því hún var stofnuð með formlegum hætti 20. nóvember 1999. Starf hennar hefur því staðið óslitið yfir í á annan áratug.

Kristján segir í spjalli við Vesturbæjarblaðið að KR sé fyrsta íþróttafélagið sem stofnað hafi til skákdeildar. Skákin falli ekki alveg að KR sem íþróttafélagi sem er í ÍSÍ en skákdeildin sé í Skáksambandinu. Þetta fari þó ágætlega saman því skákdeildin tengist ÍSÍ í gegnum KR. Kristján segir að alltaf sé teft vikulega jafnt vetur sem sumar og engin árstíðaskipti eigi sér stað í taflmennskunni eða sumarfrí tekni. „Skákin er alltaf jafn skemmtileg hvort sem sólin skín, rignir eða snjóar utan dyra,“ segir Kristján og bætir við að skákdeildin þurfi að hafa ákveðið líf. Menn verði að geta komið saman og teft á öllum tímum ársins.

## Tefla öll mánudagskvöld

Æfingar skákdeildarinnar eru



Gunnar Kr. Gunnarsson, Páll Jónsson (Pólaris), Kristján Stefánsson formaður skákdeildar KR og Einar S. Einarsson.

jafnana haldnar á mánudagskvöldum klukkan hálfátta og einnig er oft teft á laugardagsmorgnum. Kristján segir að teft sé eftir monradkerfi sem þýðir að menn eru alltaf að takast á við jafningja sína hvað styrkleika varðar. Engin hætta sé því að byrjendur lendi í að takast á við þaulvana skákmenn sem geta mátað þá í fjórða eða fimmta leik. „Við reynum að byggja þetta upp á þann hátt að allir geti unnið alla,“ segir Kristján. Félagar úr Skákdeild KR hafa verið að tefla á Íslandsmótum taflfélaga og einnig í deildarkeppnum þar sem nú er verið að tefla í annarri og þriðju deild. Skákdeildin hefur einnig farið erlendis. „Við höfum farið til Danmerkur og Berlínar en einnig heimsótt Færeyjar og síðast en ekki síst farið til Grænlands þangað sem við fórum með Hrafni

Jökulssyni og Hróknum.“

## Óskum eftir nýjum félögum í deildina

Eins og með önnur félög þarf skákdeildin endurnýjunar við. „Nú erum við að lýsa eftir nýjum félögum. Það er nefnilega alltaf hætta á að ef félög verða of þröng breytist þau í klúbba og farið þá að staðna. Við vitum að nægan skákáhuga er að finna og væntum þess að nú fáum við unga og efnilega einstaklinga til þess að koma og taka við góðu búi. Við höfum alla aðstöðu eins og hún gerist best og tæki og tól til taflmennskunnar. Okkar einlæga von er að skákstarfið fái að halda áfram og dafna innan vébanda félagsins,“ segir Kristján Stefánsson, formaður Skákdeildar KR.



*Jólaveisla Grillsins hefst 20. nóvember og stendur til 31. desember.*

*Bjóðum upp á þriggja, fjögurra og sjö rétta matseðla með íslensku lostæti í háttíðarbúningi.*

*Framúrskarandi hráefni, metnaðarfullir matreiðslumenn og úrvalshjónusta gera Grillið að veitingastað á heimsmælikvarða.*

*Upplifðu bragðið af jólnum í Grillinu.*

*Grillið*  
Á HÓTEL SÖGU

*- alltaf á toppnum*



## Jólasedill

*Hreindýrapáté, blóðberg og aðalbláber*

*Marineruð sild að hætti Grillsins, eggjakrem og vatnakarsi*

*Graflax, agúrka og sinnep*

*Tindabikkja, rauðkál og hvítvínssósa*

*Andabringur af franskri alíönd, svartrót og kryddlegin rifsber*

*Rauð epli og piparkökur*

*Sherry trifle, heslihnetur og kirsuberjasorbent*



*Gledistund á Astrabrar milli kl. 17.00–18.00*

*Allir kokteila á seðli, ásamt glasi af húsvíni, hvítu, rauðu, freyðivíni eða bjór á hálfvirði.*

*Að auki færum við þér eitthvað ómótstæðilegt nasl frá meisturum okkar í eldhúsinu.*



# Vilja endurskoða deiliskipulagið

Marta Guðjónsdóttir og Börkur Gunnarsson fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í hverfisráði Vesturbæjar gagnrýna það sem þau kalla samráðsleysi borgaryfirvalda í flugvallarmálinu en þau vildu fá umræður um málið í hverfisráði þar sem fyrirhuguð byggð á flugvallarsvæðinu muni hafa veruleg áhrif á Vesturbæinn. Sjálfstæðismenn og framsóknarmenn vilja endurskoða deiliskipulag sem gerir ráð fyrir að flugvöllurinn fari.

Í bókun sem þau Marta og Börkur sendu frá sér kemur m.a. fram að meirihlutinn í borginni ætli að keyra í gegn skipulagið við Hlíðarenda sem leggur af Neyðarbrautina þrátt fyrir að 70 þúsund einstaklingar hafa skrifað undir áskorun til borgarinnar um að hlusta á raddir borgarbúa þrátt fyrir fögur fyrirheit í samstarfssáttmála sínum um aukid samráð og íbúalýðræði. Nýtt hverfisráð hafi séð ástæðu til þess að ræða hvernig skuli komið til móts við vilja þeirra 70 þúsund einstaklinga sem skrifuðu undir mótmæli við að flugvöllurinn fari úr Vatnsmýrinni. Marta og Börkur segja að með samkomulagi Reykjavíkurborgar, Innanríkisráðuneytisins og Icelandair



Séð yfir hluta Reykjavíkurlugvallar. Myndin tekin úr Perlunni.

hafi verið gerð þverpólitísk sátt um að setja á laggirnar nefnd sem hefur það verkefni að finna framtíðarstaðsetningu innanland-sflugvallar. Nefndin hafi nýlega greint frá þeim fimm mögulegu flugvallarstaðum sem hún hefur nú til skoðunar og er Vatnsmýrin eitt af þeim. Þau benda á að Rögnunefndin sé enn að störfum og hafi formaður hennar óskað eftir svigrúmi til að klára vinnuna. Í bókun er lögð áhersla á að bíða eigi með allar ákvarðanir sem haft geri áhrif á starfsemi flugvallarins þar til að Rögnunefndin hefur lokið störfum.

## Byggð á Hlíðarenda verði endurskipulögð

Reynir Guðmundsson hverfisráðsmaður Framsóknarflokks

og flugvallarvina sendi einnig frá sér bókun. Þar kemur fram að Framsókn og flugvallarvinir harmi að meirihluti Hverfisráðs Vesturbæjar hafi hafnað tillögu um að leggja fyrir borgarráð Reykjavíkurborgar að taka upp deiliskipulag Reykjavíkurlugvallar á grundvelli nýrra upplýsinga frá forstjóra ÍSAVIA á fundi umhverfis og samgöngunefndar Alþingis þann 5. nóvember 2014. Á þeim fundi hafi komið fram að vinna sé verið að nýrri skýrslu um nýtingarhlutfall innan ÍSAVIA sem átti að verða tilbúið innan 7 til 10 daga frá fundinum. Einnig ítrekar Reynir í bókun sinni að byggð á Hlíðarenda verði endurskipulögð þannig að byggingarmagn haldi sér og að norðaustur/suðvestur flugbraut Reykjavíkurlugvallar haldist opin.



Hús Íslandsbanka í Lækjargötu skemmdist í eldsvoða fyrir mörgum árum þegar nærliggjandi hús brunnu til kaldra kola. Nú er fyrirhugað að rífa húsið og byggja hótél á lóðunum við Lækjargötuna.

## Íslandshótél kaupa Lækjargötu 12

Íslandshótél mun rísa við Lækjargötu 12 en gengið hefur verið frá sölu á húsi Íslandsbanka til Íslandshótela og Hrafnseyjar dótturfélags Minjaverndar. Húsið var byggt 1962 og var Iðnaðarbankinn gamli lengi þar til húsa en með sameiningu Útvegsbankans, Iðnaðarbankans Verslunarbankans og Alþýðubankans varð það eign Íslandsbanka sem hefur starfrækt útibú þar síðan.

Húsið skemmdist allnokkuð í miklum eldsvoða í miðbæ Reykjavíkur 10. mars 1967. Þá eyðilögðust þrjú hús á horni Vonarstrætis og Lækjargötu þar á meðal Lækjargata 12a og 12b en ekki hefur verið byggt á þeim lóðum og þær nýttar fyrir bílastæði. Nokkrar hugmyndir voru á tímabili um að

Reykjavíkurborg byggði skrifstofuhúsnæði á horni Lækjargötu og Vonarstrætis en það þótti hentug staðsetningu ekki langt frá ráðhúsi borgarinnar. Þær hugmyndir urðu ekki að veruleika og var skrifstofustarfsemi borgarinnar, sem verið hafði á nokkrum stöðum í borginni komið fyrir í nýrri byggingu við Borgartún. Íslandsbankahúsið er modernískt. Byggt í svonefndum funki stíl. Er kasalaga og hefur þótt passa illa inn í götumynd Lækjargötu og Vonarstrætis. Engar teikningar hafa enn verið gerðar af fyrirhugaðri hótélbyggingu en hugmyndir munu vera um að hún verði felld meira inn í heildarmynd Lækjargötunnar eins og gert var þegar byggt var á brunarústum Nýja bíós og Lækjargötu 2 fyrir nokkrum árum.

www.n1.is

facebook.com/enneinn

## Cooper undir jeppann í vetur

Jeppaeigendur þekkja að við íslenskar aðstæður veltur mikið á að hjólbarðarnir séu af bestu gerð. Láttu dekkinn frá Cooper draga fram það besta í jeppanum þínum í vetur.

COOPERTIRES  
100 Years



Cooper  
Discoverer  
M+S 2

- Nýtt og endurbætt vetrardekk með öflugri gripi
- Mikið skorið og neglanlegt fyrir veturinn
- Hentar íslenskum aðstæðum enda hannað fyrir norræna vegi



Cooper  
Discoverer  
M+S

- Vetrardekk fyrir jeppa, mikið skorið með sérhönnuðu snjómyndri
- Neglanlegt með nákvæmri röðun nagla sem grípur vel á hálum vegum
- Endist vel og vinsælt sem heilsársdekk



Cooper SA2

- Nýtt óneglanlegt vetrardekk
- Mikið skorið, mjúkt og góðir aksturseggleikar
- Mikróskorið með góða vatnslosun og magnað veggrip

### Hjólbarðapjónusta N1

Bíldshöfða 440-1318  
Fellsmúla 440-1322  
Réttarhálsi 440-1326  
Ægisíðu 440-1320

Langatanga Mosfellsbæ 440-1378  
Reykjavíkurvegi Hafnarfirði 440-1374  
Grænásbraut Reykjanesbæ 440-1372  
Dalbraut Akranesi 440-1394

### Opíð

mánudaga-föstudaga kl. 08-18  
laugardaga kl. 09-13

www.n1.is www.dekk.is







Hjólástigurinn tengir Vesturbæ og Skerjafjörð saman.

## Hjólástigur frá Starhaga að Einarsnesi

Nú er unnið að lokafrágangi við endurnýjaða gönguleið og hjólástig frá Starhaga í Vesturbæ að Einarsnesi í Skerjafirði. Nýi hjólástigurinn tengir hjólástigin á Ægissíðu við hjólástig í Skerjafirði. Stígurinn er upplýstur.

Hinum megin við Suðurgötu hefur einnig verið lagður hjólástigur frá Þorragötu að Bauganesi. Á þeim kafla stendur einnig til að leggja göngustíg en hann verður ekki kláraður í þessum áfanga. Við

Einarsnes standa síðan yfir framkvæmdir við endurnýjun lagna og göngustígs að Bauganesi. Gönguleiðin frá Starhaga að Einarsnesi hefur einnig verið endurnýjuð með steyptri gangstétt. Að undanförmu hefur verið unnið að því að þökulegja og ganga frá tengingum við hjóla- og göngustíga á Ægissíðu. Verkinu lýkur í byrjun nóvember en framkvæmdir við Einarsnes halda áfram og ætti að ljúka í nóvember ef veður leyfir.

# Slæmt ef eignasjóður þarf að standa undir rekstri

„Nú er fyrri umræða um fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar búin og við gerðum athugasemdir við að gert er ráð fyrir að aðalsjóður borgarinnar verði rekinn með um hálf milljarðs króna halla,“ segir Halldór Halldórsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga í samtali við Vesturbæjarblaðið. Aðalsjóður er hluti A hluta reksturs borgarinnar eða gamli borgarsjóðurinn eins og hann var gjarnan kallaður. Hinir sjóðirnir undir A-hluta eru Eignasjóður og Bilastæðasjóður.

Halldór segir að aðalsjóði sé meðal annars gert að standa undir rekstri skóla auk allra annarra verkefna sem fjármögnuð skuli með skatttekjum. En til þess að ná endum saman í þjónustunni sé hugmyndin að láta eignasjóð borgarinnar standa undir því sem á vantar. Það þýði ekkert annað en viðhaldi á fasteignum borgarinnar á borð við húsnæði skóla og leikskóla verði vanrækt og ýtt inn í framtíðina. „Mér finnst gagnrýnivert að eignasjóðurinn sé kominn í þá stöðu að þurfa að standa undir rekstri aðalsjóðs til þess að unnt sé að sinna lögboðnum skyldum við borgarana,“ segir Halldór og kveðst telja að finna verði aðrar leiðir til þess að halda rekstri aðalsjóðsins í jafnvægi.

### Göngubrú yfir Hringbrautina og Hofsvallagata

Talið berst að Vesturbænum og Halldór segir að göngubrú yfir Hringbrautina sé Sjálfstæðismönnum ofarlega í huga. Við lögðum fram tillögu í borgarstjórn um að gripið verði til aðgerða í því skyni



Halldór Halldórsson oddviti sjálfstæðismanna í borgarstjórn Reykjavíkur og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.


að tryggja börnum og ungmennum örugga gönguleið yfir Hringbraut á kaflanum milli Grandatorgs og Melatorgs. Umhverfis- og skipulagssviði er falið að skoða tiltæka kosti varðandi uppsetningu göngubrúar á svæðinu annars vegar og undirgöng hins vegar og meta æskilega staðsetningu slíkra mannvirkja með tilliti til gönguleiða og göngufælðis barna og ungmenna yfir Hringbraut. Sviðinu er jafnframt falið að taka upp viðræður við Vegagerð ríkisins um þátttöku í verkefninu þar sem um er að ræða stofnbraut í þéttbýli.“

### KR vantar tilfinnanlega aðstöðu

Halldór segir eina af ástæðum þess að sjálfstæðismenn telji þörf á göngubraut að mörg skólaborð þurfa að fara yfir Hringbrautina á hverjum degi auk annarra mannaferða og svona braut myndi auðvelda allar mannaferðir en þó fyrst og fremst tryggja öryggi vegfarenda.

„Annað sem við höfum verið að horfa til er hvort um náð samstarf geti orðið að ræða á milli byggingaraðila á Keilugrandareitnum (SÍF reitnum) og

... svo ótrúlega þægileg eftir sturtuna eða baðið!



Frábær gjöf fyrir dömur á öllum aldri.

Verð: 3390 kr. og 3190 (barnastærð 3-9 ára)

Sif

höfuðhandklæði


gsm 660 8860

elfursif@internet.is

Nánar um sölustaði á facebook



Fánleg í 12 litum



## Frítt söluverðmat.

Reynsla og vönduð vinnubrögð.

### Hringdu núna.

Davíð Ólafsson

Löggiltur fasteignasali

Sími: 897 1533

david@remax.is

RE/MAX Alpha

J.S. BACH, BWV 248

# JÓLAÓRATORÍA

KANTÖTUR I, II, III & VI

KÓR NESKIRKJU, STÚLKNÁKÓR NESKIRKJU  
OG BAROKKHLJÓMSVEIT

NESKIRKJA, FÖSTUDAGINN  
5. DES. KL. 19:30

HALLVEIG RÚNARSDÓTTIR, SÓPRAN  
JÓHANNA HALLDÓRSDÓTTIR, ALT  
ÞORBJÖRN RÚNARSSON, TENÓR  
HRÓLFUR SÆMUNDSSON, BARITÓN

STJÓRNANDI STEINGRÍMUR ÞÓRHALLSSON

AÐGANGSEYRIR KR. 4.000 OG 3.500 Í FORSÖLU.

MIÐAR SELDIR Í FORSÖLU HJÁ FÉLÖGUM Í KÓR, Í NESKIRKJU OG HJÁ 12 TÓNUM.



Knattspyrnufélags Reykjavíkur. Sjálfstæðisflokkurinn hefur lagt áherslu á að nýta þennan reit í þágu íþróttta- og æskulýðsstarfsemi enda byggðin þétt á þessu svæði og fátt um auða reiti. Félagið vantar tilfinnanlega betri aðstöðu og verði ekki af uppbyggingu í þágu þess á SÍF reitnum þá þarf að finna leiðir til þess að bæta aðstöðu KR-inga. Mikilvægt er að vinna þetta náð með félaginu.

**Umferðaflæðið þarf að haldast**

Svo verður verulega áhugavert að sjá hvað verður um Hofsvallagötuna þar sem meirihlutinn hefur nú ekki verið að skora mikið. Okkur skilst að leggja eigi í mikinn kostnað til að ná umferðahraðanum þar niður. Vissulega er gott og oft nauðsynlegt í íbúðahverfum að draga úr umferðahraða en spurning er um á hvern hátt það er gert og hvort það kemur mikið niður á umferðaflæðinu sem þarf að vera stöðugt ef ekki á að skapast vandi sem m.a. felst í því að umferðin færast yfir í aðrar götur, jafnvel með meiri hættu fyrir vegfarendur. Annars er gaman að fylgjast með uppbyggingunni á þessu svæði. Nú er til dæmis búið að endurgera margt í Vesturbæjarlauginni og umhverfis hana og opna kaffihús þangað sem gaman er að koma.“

**Meirihlutinn vildi ekki íbúafund um rétttrúnaðarkirkjuna**

Talið berst að fyrirhugaðri kirkju Rússneska rétttrúnaðarsafnaðarins sem hugmynd er að byggja við Mýrargötu. „Það voru felldar tillögur frá okkur um að efna til íbúafundar um aðrar hugmyndir um staðsetningu

kirkjunnar því hugmyndir höfðu komið fram um að byggja hana neðar við Mýrargötuna en meirihlutinn vill fremur halda sig við upphaflega staðsetningu. Eftir að hugmyndir komu fram um að breyta fyrirhugaðri staðsetningu hennar og byggja hana neðar komu fram óskir frá forstöðumönnum safnaðarins að þá yrði að stækka hana vegna þess að hún yrði þá komin í það mikla nálægt við stærri byggingar sem myndu skyggja á hana. Íbúarnir vildu fund um málið og tókum við borgarfulltrúar sjálfstæðismanna undir þá ósk en íbúafundi var hafnað af meirihlutanum í borgarstjórn.“

**Gæta þarf að atvinnustarfsemi á hafnarsvæðinu**

„Við leggjum mikla áherslu á hafnarsvæðið og fjölbreytta uppbyggingu þess,“ heldur Halldór áfram. Þetta er mjög verðmætt svæði og því verður að gæta þess að ofgera því ekki með íbúðabyggingum. Við munum standa vaktina við að varðveita hafnarstarfsemi og að þetta verði áfram atvinnusvæði. Þarna eru framleidd gríðarleg verðmæti sem þarfnast flutningsleiða til og

frá. Ég tel hið besta mál að nýta það að hluta fyrir íbúðabyggð og blandaða þjónustustarfsemi en við þurfum einnig á atvinnu að halda og það vantar nægilega stórar lóðir fyrir atvinnustarfsemi. Við höfum áhyggjur af að íbúðabygginginni komi til með að þrengja um og að atvinnustarfseminni og það má ekki verða. Hafnarsvæðið verður að halda styrk sínum og fremur þarf að bæta í en draga úr þeim efnunum.“

**Eigum að bíða eftir Rögnunefndinni**

Að lokum að máli málanna sem margir ræða þessa dagana – flugvallarmálinu. „Okkar afstaða er skýr í því máli. Við viljum hafa flugvöll í Reykjavík og teljum hann mikilvægan. Hann er ákveðin tenging við landsbyggðina og honum fylgja líka mikil umsvif og atvinnustarfsemi auk þess sem hann er mikilvægur sem varaflygvöllur, sjúkraflugvöllur og samgöngumannvirki vegna almannavarnamála. Hvort flugvöllurinn verður í óbreyttri mynd um alla framtíð er önnur saga. Það er ljóst í okkar huga að næsta skref í flugvallarmálinu sé að bíða eftir niðurstöðum

Rögnunefndarinnar og að vera ekki að gera neitt á meðan hún er að störfum. Hitt er svo annað mál að nokkrir þingmenn hafa hlaupið til að vilja að Alþingi taki skipulagsvaldið af Reykjavík. Ég sem sveitarstjórnarmaður tel það ekki koma til greina. Alþingi á ekki að hrófla við skipulagsvaldi sveitarfélaganna eða hlutast til um það. Ég óttast að ef farið yrði inn á þá braut myndi ríkisvaldið fíkra sig áfram á þeirri leið. Svo er

það heldur engin trygging fyrir tilvist flugvallarins því þótt trúlega sé meirihluti á því þingi sem nú situr fyrir getur komið þing þar sem allt önnur sjónarmið ráða.“ Halldór segir að þótt hann búi fyrir austan læk eins og stendur þá standi Vesturbærinn honum nærri. „Ég átti heima í Vesturbænum sem krakki og mér finnst þetta ákaflega skemmtilegur borgarluti. Það er líka mikil hverfisvitund í Vesturbænum.“

**ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS**  
 Auðbrekku 1, Kópavogi • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is



Sverrir Einarsson Kristín Ingólfssdóttir Hinrik Valsson

**ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR**  
 Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

**HLEÐSLUTÆKI**

Hleður og vaktar rafgeyminn þinn í vetur.

*Tilvalin jólagjöf*

**15%**  
 Jólaafsláttur af þessum frábæru hleðslutækjum



12v 0,8A 12v 5,5A

**SKORRI**  
 SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

**TUDOR**

Bíldshöfða 12 - 110 Rvík - 5771515 - www.skorri.is



**ljós og fegurð í Systrasamlaginu!**



**SLÖKUN Í ÞYNGDARLEYSI UMVAFIN/N VATNI!**

Flot er gefandi, róandi og skerpir sköpunargáfuna.

Flotahetta og fótaflot: 17.900 kr.



**HALTU ÞIG Á EIGIN JÓGAMOTTU!**

MANDUKA eru Taj Mahal jógadýnanna, 4. teg og fylgihlutir.

Verð á dýnum frá 12.500 kr.



**BAGGU – LUNGNAMJÚKAR LEÐURTÖSKUR**

Gamaldags sútunaraðferð. Umhverfisvænni en almennt tíðkast.

SVARTAR, MAHÓNÍ, RAUÐAR, TÚRKÍS OG SILFUR. Nokkrar stærðir og gerðir.



**FATNAÐUR SEM NÆRIR ÖLL SKILNINGAVIT!**

**Vandaður jóga/þæginda/hversdags- og spari fatnaður úr lífrænni, sterkri "Fair Trade" bómull.**

**Ómótstæðilega heillandi og þægilegur.**

**SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI**  
 Fyrir neðan sundlaugina og World Class.  
 www.facebook.com/Systrasamlagid  
 Sími: 511 6367

**AFGREIÐSLUTÍMI:**  
 Virkir dagar 8 - 18  
 Laugardagar 10 - 16



# Íslenskuverðlaun unga fólksins

Íslenskuverðlaun unga fólksins í Bókmenntaborginni Reykjavík voru veitt í Norðurljósal Hörpunnar á dögunum. Hátt í 100 reykvískir nemendur hlutu þau að þessu sinni. Verndari verðlaunanna er frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands. Sérhver grunnskóli í Reykjavík getur tilnefnt þrjá nemendur/nemendahóp til verðlaunanna og fá allir sem tilnefningu hljóta verðlaunagrip sem hannaður er af Ingibjörgu Hönnu Bjarnadóttur.

Marta Guðjónsdóttir, formaður nefndar um íslenskuverðlaunin segir markmiðið með verðlaununum vera að auka áhuga æskufólks á íslensku tungu og hvetja nemendur til framfara bæði í tjáningu talaðs og ritaðs máls. Þeir nemendur sem hlutu verðlaunin að þessu sinni höfðu sýnt miklar framfarir, færni, frumleika og sköpunargleði í að nota tungumálið í hagnýtum og listrænum tilgangi.

## Verðlaunahafar

Hákon Darri Egilsson í Tjarnarskóla hlaut verðlaunin fyrir skapandi vinnubrögð, skemmtilegt borðspil úr Laxdælasögu og hæfileika í framsögn. Hringur Kjartansson í Melaskóla fyrir að sýna ahliða leikni með tungumálið og hafa áberandi breiðan lestraráhuga. Jón Bersi Sigurðsson í Melaskóla fyrir að bera af í íslensku, góðan lesskilning, færni í ritun og stafsetningu og góðan upplestur. Ragnhildur Helgadóttir í Hagaskóla fyrir að vera afburðarnemandi með gott vald á íslensku og fyrir að sýna mikla færni í að tjá sig í ræðu og riti. Eimantas Misiunas í Landakotsskóla fyrir góð tók á íslensku talmáli og ritun og að sýna mikla hæfileika í skapandi skrifum og ljóðagerð. Ísafold Kristín Halldórsdóttir í Landakotsskóla fyrir að vera framúrskarandi nemandi í íslensku og skila verkefnum sem eru bæði vel unnin og frumleg. Erna Ingibjörg



Á myndinni eru Marta Guðjónsdóttir, Hákon Darri Egilsson nemandi í Tjarnarskóla, Vigdís Finnbogadóttir fyrrverandi forseti Íslands og Margrét Theodórsdóttir skólustjóri Tjarnarskóla.

Viggósdóttir í Landakotsskóla fyrir einlægan áhuga á íslensku tungu, mikla leikni í ljóða- og sögugerð og góðar hugmyndir sem nýst hafa í kennslu.



Glæsilegt hús við Mýrargötu en umdeilt vegna stærðar í samburði við nærliggjandi byggingar.

## Fyrstu íbúarnir að flytja á Mýrargötuna

Fyrstu íbúarnir eru nú að koma sér fyrir í húsinu við Mýrargötu 26 en alllangt er síðan fyrst var hafist handa við byggingu á Slippreitnum. Upphaflega var gert ráð fyrir sérstökum íbúðum sumum með mikilli lofthæð og undirstöður voru steypar eftir þeim teikningu sem þá lágu fyrir. Ekkert varð af frekari framkvæmdum á þeim tíma og stóðu stöplarnir upp úr jörðinni um árabil.

Einkahlutafélagið Mýrin Vest keypti í lok ársins 2012 31

íbúð af 68 í hinu óbyggða húsi af félaginu Byggakri. Samanlagt eru íbúðirnar 31 rúmlega fjögur þúsund þrjúhundrað fermetrar auk einnar skrifstofu. Kaupverðið var tæplega 1.468 milljónir króna eða um 340 þúsund kr. á fermetra eftir því sem kom fram í Morgunblaðinu fyrir skömmu. Þessi byggingaráform og síðar bygging hefur ætíð verið umdeild einkum vegna stærðar sinnar og þykir ekki falla nægilega vel að umhverfinu en deildar meiningar eru um það líkt og annað.

Vellíðan á Snyrtistofunni  
Eiðistorgi



er ómissandi í lífinu

551 23 23

## Skjöldur mótmælir deiliskipulaginu við Hlíðarenda

Stjórn Prýðifélagsins Skjaldar, samtaka íbúa í Skerjafirði sunnan flugvallar, harmar að borgaryfirvöld hafi keyrt í gegn og samþykkt deiliskipulagið við Hlíðarenda í Reykjavík sem hefur það í för með sér að neyðarbrautinni verður lokað áður en Rögnunefndin hefur lokið störfum og þrátt fyrir að áhættunefnd Ísavía hafi lýst því yfir að lokun neyðarbrautarinnar sé „óásættanleg“ út frá öryggi flugvallarins.

Stjórnin harmar að borgaryfirvöld hafi virt íbúalýðræði að vettugi og farið gegn vilja þeirra 70 þúsund einstaklinga sem skrifuðu undir viljayfirlýsingu þess efnis að flugvöllurinn verði áfram í Vatnsmýrinni og skorar á borgarstjóra að hann felli ákvörðun umhverfis- og skipulagsráðs um deiliskipulagið við Hlíðarenda í borgarráði. Stjórnin harmar einnig að deiliskipulagið við Hlíðarenda

hafi í för með sér að neyðarbrautinni verði lokað áður en Rögnunefndin hafi lokið störfum og þrátt fyrir að áhættunefnd Ísavía hafi lýst því yfir að lokun neyðarbrautarinnar sé „óásættanleg“ út frá öryggi flugvallarins. Stjórnin harmar einnig að hafi virt íbúalýðræði að vettugi og farið gegn vilja þeirra 70 þúsund einstaklinga sem skrifuðu undir viljayfirlýsingu þess efnis að flugvöllurinn verði áfram í Vatnsmýrinni.

Vesturbæjarblaðið

AUGLÝSINGASÍMI  
511 1188

borgarblod@simnet.is




Ástríða í matargerð

# JÓLASÍLDIN 2014

ER ÓMISSANDI Á AÐVENTUNNI OG Á JÓLABORÐIÐ  
KOMIN Í VERSLANIR





www.ora.is



# Yfir fjórar milljónir til góðgerðarmála

Nemendur Hagaskóla héldu góðgerðardag miðvikudaginn 29. október sl. Þar sem söfnuðust yfir tvær milljónir króna. Á sambærilegum degi á liðnu vori söfnuðust um 2,2 milljónir hafa nemendurnir því safnað yfir fjórum milljónum á sex mánuðum til góðgerðarmála. Þetta er í sjötta sinn sem dagurinn er haldinn en í fyrsta skipti sem hann er haldinn að hausti. Að þessu sinni ákváðu nemendur að styrkja krabbameinsdeild Landspítalans og neyðaraðstoð við börn á Gasasvæðinu.

Yfirskrift góðgerðardaganna er „Vinátta – Virðing – Jafnrétti.“ Undirbúningur stendur jafnan yfir í nokkrar vikur og tilgangurinn er að gera nemendur meðvitaðri um að láta gott af sér leiða og sýna samfélagslega ábyrgð svo þau finni hvað þau hafa mikið að segja, að þau hafi rödd. Hver bekkur fer fyrir sig í gegnum umræðu um hvaða málefni þau vilja styrkja og velja svo að lokum einhver tvö verkefni sem þau vilja setja í púkkið. Að þessu sinni var opið hús í skólanum milli kl 16:00 og 19:00 þar sem nemendur og starfsfólk tóku á móti gestum og fjölbreytt dagskrá fór fram. Meðal þess sem í boðið var voru skemmtiatriði frá nemendum, hamborgara-,



Að þessu sinni söfnuðust um tvær milljónir og nemendur ákváðu að styrkja krabbameinsdeild Landspítalans og neyðaraðstoð við börn á Gasasvæðinu.

pylsu-, ís- og pítsasala, kaffi og kökur, draugahús, leikir og þrautir, safu- og boostbarir, lukkuhjól, spákona og margt, margt fleira. Bæði þessi málefni hafa verið mikið til umræðu að undanförmu. Mörg börn eru meðvituð

um vanda Palestínu sem bitnar ekki síður á börnum en fullorðnum og mörg börn þekkja til fólk sem þurft hefur á þjónustu krabbameinsdeildarinnar að halda.

[www.borgarblod.is](http://www.borgarblod.is)



**HÚSAVIÐGERÐIR.IS**

*Góðar gjafir á góðu verði*  
**Jólabasar Holhvina Grensásdeildar**  
**Laugardag 29. nóvember 2014**  
**kl. 13-17**  
*í safnaðarheimili Grensáskeirleju.*

INNÖMMUN Í NÆSTA NÁGRENNI

## MYNDIRNAR Í SPARIFÖTIN FYRIR JÓLIN

Álrammar | viðarrammar | sérsmíðaðir harðviðarrammar

Grandi innrömmun er alhliða innrömmunarverkstæði þar sem handverk er í hávegum haft

OPNUNARTÍMAR TIL JÓLA ➤ ➤ ➤ mán.-fös. 9.30-18 / laugardaga 10-14



**GRANDI**  
- innrömmun -

Grandi innrömmun | Fiskislóð 45 | 893 9663



## Verðlaunakeppni í minningu Emils Thoroddsen

Í ár, 2014, eru liðin 70 ár frá andláti tónskáldsins Emils Thoroddsen, sem var fæddur 16. júní 1898, en hann lést 7. júlí 1944, aðeins 46 ára gamall. Af því tilefni efna erfingjar höfundarréttar til keppni meðal tónskálda um tónverk í minningu hans.

Emil Thoroddsen lauk námi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1917 og hélt síðan til Kaupmannahafnar til náms, þar sem hann lagði stund á listasögu við háskólann þar 1917 til 1920, en jafnframt lagði hann stund á málalag og tónlist. Hann fór síðan í frekara nám í tónsmíðum og píanóleik í Dresden og Leipzig í fjögur ár, en flutti að því búnu heim til Íslands, þar sem hann lifði og starfaði – m.a. við Ríkisútvarpið, til dauðadags.

### Fjölhæfur listamaður

Emil var fjölhæfur listamaður: hann samdi tónlist, hélt píanóhljómleika, lék með útvarpshljómveitinni, umritaði í leikritsform skáldsögur afa síns Jóns Thoroddsen, Pilt og stúlku og Mann og konu. Einnig samdi hann leikrit og revúr og færði upp og skrifaði listdóma. Myndlist stundaði hann sömu leiðis. Í öllum þessum greinum "skaraði hann framúr", eins og Baldur Andrésson, tónlistarfæðingur komst að orði í minningargrein um Emil.

Emil Thoroddsen samdi fjölda allan af sönglögum sem mörg hver hafa hlotið sérstakan sess í hugum landsmanna, einnig hljómsveitarverk og kantötur. Flestir þekkjja lagið sem sungið er við ljóðið Litfríð og ljóshærð sem Emil samdi við ljóð afa síns Jóns Thoroddsen. Enn þekktara er þó ef til vill verðlaunasönglag Emils sem hann samdi við kvæði skáldkonunnar Huldu Hver á sér fagra föðurland í tilefni af lýðveldisstofnuninni 1944 og sem sungið hefur verið svo oft undanfarið af unnendum íslenskrar náttúru og lýðræðis sem frumflutt var á



Emil Thoroddsen við píanóið.

Lýðveldishátíðinni á Þingvöllum 17. júní 1944.

### Sjóður til að minnst Emils og verka hans

Í lok árs 2014 mun ljúka höfundarréttargreiðslum frá STEFi (Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar) í Styrktarsjóð Emils Thoroddsen, í samræmi við lög um höfundarrétt frá 1972, 43. grein. "Höfundarréttur helst uns 70 ár eru liðin frá næstu áramótum eftir lát höfundar."

Erfingjar höfundarréttar Emils Thoroddsen eru fjölmargir, en ákveðið hefur verið að því fé sem í sjóðinn hefur safnast frá 2006 allt til loka ársins 2014 verði varið til að minnst Emils og höfundarverka hans. Efnt er til keppni meðal tónskálda um nýtt tónverk í minningu Emils og mun dómnefnd fagmanna á sviði tónlistar velja tónverkið sem hlýtur verðlaunin. Verkinu skal skilað í ágúst 2015 og verður tilkynnt um verðlaunaverkið í september 2015. Einnig er kallað eftir því að þeir, sem eiga myndverk eftir Emil í fórum sínum hafi samband við Þóru Sigurðardóttur (thora@this.is s. 896 1930) eða Grimhildi Bragadóttur (grimhildur@gmail.com s. 552 5715).

Nánar um skilyrði keppinnar á vefsíðu [www.stef.is](http://www.stef.is).

## Nýr sýningarsalur

Nýr sýningarsalur hefur verið tekinn í notkun í Vesturbænum og var fyrsta sýningin opnuð síðast liðinn laugardag. Salurinn sem nefnist Gallerí Vest er í verslunarhúsinu við Hagamel 67. Þórey Eypórsdóttir myndlistarmaður og sálfræðingur stendur að baki reksturs salarins og reið sjálf á vaðið ásamt tengdasyni sínum Magnúsi Helgasyni sem einnig er myndlistarmaður en þau opnuðu myndlistarsýninguna „Nýtilgangur“ þar sl. laugardag og stendur hún fram yfir áramót. Sýningin byggir að miklu leyti á myndverkum sem unnin eru úr ýmsum nýtjahlutum og öðlast nýjan tilgang sem grunnur að myndmáli. Þannig hefur heitið „Nýtilgangur“ orðið til.

Þórey Eypórsdóttir er listmenntuð frá Myndlistar- og handíðaskóla Íslands og hefur bæði starfað sem listamaður og listmiðlari. Hún rak gallerí og listmiðlun í Listagilinu á Akureyri um nokkurra ára skeið og stóð þar fyrir fjölda listsýninga eftir innlenda og erlenda listamenn. Hún hefur einnig haldið einkasýningar hér heima og erlendis og tekið þátt í fjölda samsýninga. Nefna má að hún hélt sína 12. einkasýningu í Ráðhúsi Reykjavíkurborgar á árinu 2002 og nefnist hún Frá þræði til heildar. Hún hefur sýnt í Jónshúsi í Kaupmannahöfn og á nokkrum stöðum í Noregi svo einhvers sé getið. Í umfjöllum norsks blaðamanns og listgagnrýnanda um þá sýningu mátti meðal annars lesa eftirfarandi. "Fargerike billedvever mettet med symbolikk pryder vegger og søyler i Hofs nye folkebibliotek. Og kunsteren bak er kommunens egen PP-rådgiver, Thorey Eythorsdottir." Eða með öðrum orðum „litríkur myndvefnaður fullur af tákmyndum prýðir vegg og sali í hinu nýja almenningssbókasafni í Hof og listamaðurinn er enginn annar en sálfræðiráðgjafi sveitarfélagsins ÞE“ en Þórey er einnig talmeina- og sálfræðimenntuð og starfaði við sálfræðiráðgjöf í Hof og víðar í Noregi um skeið.

### Hefðbundin og óhefðbundin myndlist

Magnús Helgason hefur unnið að myndlist frá unga aldri. Hann er menntaður frá Akademie voor beeldende kunst, Enschede, Holland þar sem hann útskrifaðist frá fjóltækni-eild. Frá því Magnús lauk námi hefur hann tileinkað sér breytt svið myndlistar og helgað krafta sína myndlist, ljósmyndun og ópraktískri kvikmyndagerð. Hann hefur haldið málverkasýningar hérlandis sem erlendis. Magnús hefur sýnt kvikmyndir við tónlist ýmissa tónlistarmanna og hljómsveita s.s. Jóhanns Jóhannssonar, Kiru Kiru og Apparat Organ Quartet og haldið þannig kvikmyndasýningar í yfir 40 borgum víða um heim. Meðal staða sem hann hefur sýnt kvikmyndir sínar á eru Pompidou í París, Kiasma í



Þórey Eypórsdóttir eigandi Gallerí Vest ásamt Kristjáni Baldurssyni eiginmanni sínum sem annast rekstur sýningarsalsins ásamt henni. Mynd. MH.

Helsinki, Konunglega listasafnið í Kaupmannahöfn og Bozar center for fine arts í Belgíu. Magnús hefur einnig kennt ópraktíska kvikmyndagerð og hreyfimyndagerð við Listaháskóla Íslands. Þótt hann sé enn ungur að árum er ferilskráin orðin löng og tekur bæði til hefðbundinnar myndlistar, vídeoverkefna og kvikmynda.

### Nýtt skref í menningarflóru Vesturbæjarinnar

Með opnun sýningarsalarins er stigið enn eitt skrefið til þess að efla „Miðjuna á Melunum“ og nú hefur hún teygst sig nokkuð til vesturs því verslunarhúsið við Hagamel er aðeins í örskotsfjarlægð frá Melabúðinni, Kaffihúsi Vesturbæjar, Gamla Apótekinu og Vesturbæjarlauginni auk athafnasvæðis KR og fleiri staða. Verslunarhúsið við Hagamel 67 er vel þekkt á meðal Vesturbæinga og margra annarra. Húsið er áfast blokkinni á horni Hagamels og Kaplaskjólsvegar og byggt um 1970. Bóka- og ritfangaverslunin Úlfarsfell var opnuð fljótlega eftir

byggingu hússins og er starfrækt þar enn rúmum fjórum áratugum síðar. Síðar var opnuð ísbúð við Hagamelinn sem hefur með tímanum orðið ein vinsælasta ísbúðin í Reykjavík. Lengi var sjoppa á Hagamelnum en þar er nú Tailenskur take away veitingastaður. Fyrstu árin eftir byggingu hússins var prentsmiðjan Skákprennt til húsa á Hagamelnum þar sem hinn nýi sýningarsalur er nú en síðar var veitingastaðurinn eða hverfiskráin Haukur í horni þar um nokkurt skeið. Starfsemi hennar var sumum nágrönnum nokkur þyrnir í augum og eftir að Hauknum var lokað var blómabúð og bakarí opnað í húsinu á móti vestri. Nú hefur starfsemi bakarísins verið hætt og þar hefur hinn nýi sýningarsalur verið tekinn í notkun. Með opnun hans og sýningu þeirra Þóreyjar og Magnúsar er stigið nýtt skref í menningarflóru Vesturbæjarinnar. Bætt við þá þjónustu og miðlun sem miðjan á Melunum hefur að geyma og einnig bætt við annars góða ímynd og ásýnd verslunarmiðstöðvarinnar við Hagamel.



## Ostajól

Hillur svigna undan gómgleðjandi ostum og girnilegum kræsingum.

BÚRIÐ Ostaskólinn



Gefðu upplifun. Gjafabréf í ostaskóla Búrsins er tilvalinn í skólin.

BÚRIÐ

Gómgleðjandi Gjafaðskjur - sérsniðnar eða staðlaðar að hætti hússins

Grandagarður 35 · 101 Rvk · 551 8400 · [www.burid.is](http://www.burid.is)

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

Vandaðir krossar á leiði!

3ja ára ábyrgð

JS LJÓSA SMÍÐJAN  
VÉLÁVERKSTÆÐI  
SLÁTTUVELAPJÓNUSTAN

Skemmuvegi 34 · 200 Kóp. Sími 554 0661



### ÍSLENSKT GÓDGÆTI Í GJAFAKASSA TILVALIN JÓLAGJÖF

Saft, sultur, krydd, te, hunang, ostar, salt. Nokkrar tegundir. Gott verð!

Upplýsingar í sínum 864 4755 og 822 0512 [islenkhollusta@islenkhollusta.is](mailto:islenkhollusta@islenkhollusta.is)

Íslensk hollusta  
-frá náttúrunnar hendi!

SKÚTAHRAUNI 7 | HAFNARFIRÐI | [islenkhollusta.is](http://islenkhollusta.is)



# 101 Optic neðst á Skólavörðustígnum

Neðst við Skólavörðustíginn þar sem Lárus Blöndal verslaði með bækur í eina tíð er að finna bjarta og skemmtilega gleraugnaverslun. Nefnist hún 101 Optic og er í eigu Kristins Kristinssonar sem einnig rekur verslanir Gleraugans við Faxafen og í Kringlunni. Guðjón Ingi Guðmundsson sjóntækjafraeðingur og Sólrún Ingvadóttir ráða ríkjum á Skólavörðustígnum og bjóða meðal annars upp mjög skemmtilega gleraugnahönnun.

Sólrún Ingvadóttir segir verslunina leggja áherslu á skemmtilega gleraugnahönnun og góða þjónustu. „Vert er að minnast á tvo hönnuði sem er að finna hjá okkur. Annars vegar William Morris, enskt „retro“, og hins vegar Green Titanium umgjardir frá Þýskalandi sem eru framleiddar á umhverfisvænan hátt en auðvitað er úrvalið miklu stærra. Auk þessara er að finna umgjardir frá öðrum hönnuðum, heimþekktum og ekki svo þekktum,“ segir Sólrún en hún hefur áralanga reynslu í að hjálpa fólki við val á fylgihlutum eins og gleraugum og skartgripum. Auk gleraugna bíður verslunin uppá gott úrval af snertilinsum á frábæru verði og öllu því sem tilheyrir snertilinsunotkun. „Guðjón Ingi segir mikilvægt að fólk komi reglulega í sjónmælingu og ekki er síður mikilvægt að fólk komi í linsumátun og kennslu því það skiptir sköpum að linsurnar sitji vel í augunum og valdi ekki pirringi. Auk þess að bjóða fólki vandaða vöru á góður verði leggur 101 Optic mikla áherslu á allir finni eitthvað við sitt hæfi. Þegar lítið er yfir hillur í versluninni má sjá hversu vel hefur tekist til við val á hönnuðum og fjölbreytnin er mikil. Þetta á bæði við um hina sýnilegu hluti á borð við gler og umgjardir en einnig að sem minna fer fyrir en það eru linsurnar. En hvað skyldi vera aðallega í tísku þessa dagana. Sólrún segir segir ákveðna „retro“ eða fortíðarhyggju ríkjandi. Stórar dökkar umgjardir séu áberandi bæði fyrir konur og karla. Tískan gangi fram og til baka og léttar málmumgjardir sem stundum hafi verið lítið áberandi hafi vikið nokkuð fyrir hinum efnismeiri. En hvernig líkar þeim að vera á Skólavörðustígnum. „Afskaplega vel,“ segja þau bæði og Guðjón Ingi segir Skólavörðustíginn orðinn eins



Guðjón Ingi Guðmundsson sjóntækjafraeðingur og Sólrún Ingvadóttir í 101 Optic neðst á Skólavörðustígnum.

og lítið samfélag þar sem ákveðin þorpsmenning hafi náð að festa rætur. „Hér þekktist fólk og spjallar saman. Gatan stendur dálítið saman af hönnunarbúðum og svo verslunum sem beina viðskiptum sínum að mestu til ferðamanna þannig að umhverfið heldur fjölbreytileika í stað þess að verða of einsleitt. Þetta er líka fyrsta gleraugnahúðin í Reykjavík þegar farið er frá vestur til austurs,“ segir Guðjón og Sólrún bætir við að vissulega hafi verið horft nokkuð til vestrhluta Reykjavíkur og Miðborgarinnar við staðsetningu 101 Optic.

## Jólaórátoría í Neskirkju

Kór Neskirkju hefur ráðist í það stóra verkefni að flytja Jólaórátoríu BWV 248 eftir Johan Sebastian Bach í Neskirkju og fer flutningurinn fram föstudagskvöldið 5. desember n.k. en fluttar verða kantötur I., II., III. og VI.

Auk kórsins taka fjórir einsöngvarar þátt í tónleikunum, Stúlknakór Neskirkju og rúmlega 20 manna barokkhljómsveit. Einsöngvarar á tónleikunum verða þau Hallveig Rúnarsdóttir, sópran, Jóhanna Halldórsdóttir, alt, Þorbjörn Rúnarsson, tenór og Hrólfur Sæmundsson, barítón. Stjórnandi á tónleikunum verður Steingrímur Þórhallsson. Jólatónleikarnir í Neskirkju eru sérstaklega veglegir þetta árið sökum þess að á þessu ári eru 10 ár liðin frá því að Steingrímur Þórhallsson réðst til starfa sem organisti við Neskirkju og tók við stjórn kórsins.



DÝRALÆKNASTOFA  
DAGFINNS



Hill's gæludýrafóður.  
Ýmis tilboð í gangi, kíktu við.



[www.dagfinnur.is](http://www.dagfinnur.is)

Opið 8:30 - 17:30 virka daga  
Skólavörðustíg 35a • Sími 552 3621

## Matur og vín:

Jólin nálgast og margur er farinn að hugleiða hvað skal nú hafa í matinn á jölunum. Hjá mörgum er slíkt í föstum skorðum og jafnvel löngu ákveðið hvaða veisluréttur verður á jólaborðinu. Hitt er oft erfiðara hvaða ljúfa vín skal hafa með hátíðarréttinum. Því gerum við bragð úr ellefta boðorðinu í ár og sleppum uppskriftum. Þess í stað leggjum við sérstaka áherslu á hvaða vintegundir passa best með jólamatnum.

### HAMBORGARHRYGGUR



Masi Campoliorin  
– Veneto – Ítalía  
2.899 kr.  
Kirsuberjarauft.  
Meðalfylling, ósatt, fersk  
sýra, mild tannin.  
Þurrkaðir ávextir, kirsuber,  
krydd, vaníla.



Rosemount Cabernet /  
Merlot – Ástralía  
2.299 kr.  
Rúbinrauft.  
Létt meðalfylling, þurr,  
mild sýra, mild tannin.  
Safkenndur berjablámi,  
plóma

### NAUTASTEIK



Piccini Memoro  
– Ítalía  
1.999 kr.  
Dökkurúbinrauft.  
Þétt fylling, þurr, fersk  
sýra, þroskuð tannin.  
Safgataliskennur berjablámi,  
vaníla, eik.



Rosemount Shiraz  
– Ástralía  
2.560 kr.  
Rúbinrauft.  
Meðalfylling, ósatt, fersk  
sýra, mjúk tannin.  
Brómber, minto, plóma.





Laugardagur 29. nóvember kl. 15

## Þýðingahlaðborð æskunnar

Við fáum forsmekkin af nýjum þýddum barna- og unglingabókum þegar þýðendur og fleiri lesa upp úr þessum bókum:



**NANNA NORN** eftir Korky Paul og Valerie Thomas, þýðandi Hallgrímur Helgi Helgason - **ÖRLEIFUR OG HVALURINN** eftir Julian Tuwin, þýðandi Þórarinn Eldjárn - **SKÚLI SKELFIR** eftir Francesca Simon, þýðandi Guðni Kolbeinsson - **ELANOR OG PARK** eftir Rainbow Rowell, þýðandi Marta Hlín Magnadóttir - **TÍMI UNDRANNA** eftir Karen Thompson Walker, þýðandi Davíð Þór Jónsson - **RAUÐ SEM BLÓÐ** eftir Salla Simukka, þýðandi Erla E. Völudóttir - **INN Í SORTANN** eftir Celine Kiernan, þýðandi Birgitta Elín Hassell



Sunnudagur 30. nóvember kl. 15

## Sóla og sólin

Upplstur, tónlist og léttar veitingar. Sóla sögukona les upp úr nýrri bók Ólafa Sverrisdóttur um leit Sólu að sólinni sem týndist.

Aðalsteinn Ásberg leikur lög fyrir börn og fullorðna.



Sunnudagur 7. desember kl. 15

## Jólafondur

Við föndrum snjókrystalla, jólapoka og engla undir leiðsögn Kristínar Arngrímsdóttur myndlistarmanns. Fyrir börn og fjölskyldur þeirra.



**BORGARBÓKASAFN REYKJAVÍKUR**



Aðalsafn, Tryggvagötu 15  
s. 411 6100, borgarbokasafn@borgarbokasafn.is  
Afgreiðslutími:  
Mán-fim 10-19. Fös 11-18. Lau og sun 13-17

www.borgarbokasafn.is  
www.bokmenntir.is - www.bokvit.tumblr.com - www.artotek.is

www.borgarblod.is



Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri

# Mannverk kaupir Tryggvagötareitinn

Verktakafyrirtækið Mannverk hefur fest kaup á svonefndum Tryggvagötareit við Norðurstíg á milli Tryggvagötu og Vesturgötu.

Á undanförunum árum hefur verið áformað að byggja íbúðahúsnæði á þessum stað en nýir eigendur munu ekki enn hafa tekið ákvarðanir um hvaða fyrirkomulag verður á endurbyggingu. Fyrri eigandi hugðist byggja 40 íbúðir á reitnum en fyrirætlanir hans röskuðust í hrininu og málið hefur verið í biðstöðu um nokkurn tíma. Fyrir eru á reitnum gamlar byggingar sem nýtast illa og má því gera ráð fyrir endurbyggingu hans frá grunni.



Mannverk hefur nú fest kaup á Tryggvagötareitnum á horni Norðurstígs og hyggur á byggingaframkvæmdir.

## Vilja að vertakar viðurkenni skaðabótaskyldu

Íbúar við Grandaveg og Lágholtsveg hafa höfðað mál á hendur verktakafyrirtækjunum Hagtaki og Þingvangi og Vátryggingafélagi Íslands vegna tjóns sem íbúarnir telja að þeir hafi orðið fyrir vegna sprenginga á svonefndum Lýsisreit í ársbyrjun.

Um er að ræða íbúa annars vegar í húsi við Grandaveg 38 og hins vegar við Lágholtsveg 15. Fasteignirnar liggja að Lýsisreitnum. Sprengingarnar stóðu yfir frá 6. janúar til 31. mars en verið er að reisa íbúðarhúsnæði á reitnum. Sprengja klöpp fyrir bíla-kjallara en áætlað var að sprengingum lykil mánaðarmótin febrúar mars. Dregið var úr krafti sprenginga þegar ljós kom að hætta gæti stafað af þeim en það lengdi það tímabil sem sprengingarnar stóðu yfir. Íbúar umræddra húsa vilja að viðurkennd verði skaðabótaskylda vegna tjónsins auk þess sem fyrirtækin greiði málskostnað.



Íbúar í nágrenni vilja að verktaki viðurkenni skaðabótaskyldu vegna skemmda sem þeir telja að rekja megi til sprenginga á Lýsislóðinni fyrr á árinu.

## Frábær tilboð

Heimsendingartilboð 1

**Stór pizza**

með 2 áleggsteg.

Stór brauðstangir og sósa eða lítið hvítlauksbrauð og 2 l. kók

**3850 kr.**

Heimsendingartilboð 2

**Miðstærð pizza**

með 2 áleggsteg.

Stór brauðstangir, sósa og 2 l. kók

**3200 kr.**

Þú sækir tilboð 1

**Stór pizza**

og stór brauðstangir

og fáðu aðra pizzu sömu stærðar með

Þú sækir tilboð 2

**Stór pizza**

með 2 áleggsteg.

**1850 kr.**

HRÓI HÖTTUR  
HRINGBRAUT 119  
SÍMI 55 44 444



Við bökkum allar okkar pizzur í STEINOFNI

Tilboðin gilda ekki með öðrum tilboðum.





# KR-skokk í Amsterdam maraþoni

KR-skokk var stofnað vorið 2012 og eru þjálfarar þess þau Ásdís Káradóttir, Margrét Elíasdóttir og Rúnar Reynisson. Þetta er félagsskapur fólks í Vesturbænum sem hittist þrisvar í viku til þess að hlaupa saman undir góðri leiðsögn reydari hlaupara. Sú hugmynd kom snemma fram að skemmtilegt væri að fara saman í hlaupaferð. Það var svo nú á haustdögum sem tæplega 50 manna hópur frá KR-skokk hélt til Hollands og tók þar þátt í Amsterdam-maraþoni. Ferðalög sem þessi þarf að undirbúa vel og hófst sá undirbúningur í janúar 2014. Stofnuð var ferðanefnd sem sá um skipulag ferðarinnar og þjálfarar settu saman æfingaaætlun sem miðaði að því að undirbúa hlauparana fyrir þau átök sem framundan væru. Í Amsterdam er boðið uppá heilt maraþon (42 km), hálfmaraþon (21 km) og 8 kílómetra hlaup og því gátu allir fundið vegalengd við sitt hæfi.

Æfingar fara fram þrisvar í viku hjá KR-skokk og sumir bættu jafnvel við fleiri æfingum þegar nær dró ferðinni. Á laugardagsmorgnum var lagt snemma af stað í löngu hlaupin og þeir sem lengst fóru hlupu yfir 30 km. Að því loknu hittist svo hópurinn í Vesturbæjarlauginni á eftir og slakaði á. Undir lok undirbúnings voru meðslí eitthvað farin að gera vart við sig hjá nokkrum hlaupurum og útlit því misgott en úr því rættist. Haldinn var fundur stuttu fyrir ferðina þar sem þjálfarar miðluðu öðrum af reynslu sinni en að mörgu er að huga í undirbúningi langra keppnishlaupa. Það var svo glaðbeittur og vel undirbúinn hópur sem lagði af stað til Amsterdam föstudaginn 17. október.

## Nóg í boði fyrir langhlaupara

Dvalið var á hóteli sem er staðsett í þriggja kílómetra fjarlægð frá Ólympíuleikvangnum þar sem hlaupið átti að hefjast og byrjaði hópurinn á því að nálgast mótsgögn og skoða sig um á keppnisstað. Haldin var sýning á ýmsum varningi og skipuleggjendur stórra keppnishlaupa frá öðrum borgum í Evrópu kepptust við að fanga athygli þátttakenda. Ljóst er að nóg er í boði fyrir þá sem hafa áhuga á því að ferðast til annarra landa



Þátttakendur í skokkhópi KR í Amsterdam.

og taka þátt í langhlaupum. Laugardaginn notaði hópurinn til þess að slappa af, einhverjir fóru í skoðunarferðir og siglingu um Amsterdam en allir höfðu það að leiðarljósi að spara kraftana fyrir átökin sem biðu á sunnudeginum.

## „Karbólóda“ í miðborginni

Síðdegis á laugardag safnaðist hópurinn saman á pastastað í miðborg Amsterdam til þess að „karbólóda“ eins og hlauparar tala um. Stemningin var góð í hópnun og fólk almennt spennit fyrir morgundeginum. Um kvöldið sendu mótshaldarar út hitaviðvörðun fyrir hlaupið en verðurspáin hljóðaði upp á 21° hita og sól. Hlauparar voru því beðnir um hafa varann á, hlaupa skynsamlega og þeir sem væru veikir fyrir beðnir um að halda sig heima. Hópurinn var því við öllu búinn að morgni sunnudags.

## Fyrstir af stað í „áttþonið“

Fyrstir til þess að leggja af stað um morguninn voru maraþonhlauparar en 8 km hlaupið, sem gárungar í hópnun kölluðu „áttþon“ til virðingarauka fyrir þessari styttri hlaupalengd, komu þar í kjölfarið. Hiti og sól reyndu á maraþonhlauparana þó að eitthvað hefði dregið úr spennni frá deginum áður. Áhorfendur röðuðu sér upp við brautina og víða sáu hljómsveitir og tónlistarhópar um að magna upp stemninguna. Upp úr hádegi hófst

hálfmaraþon, hellidembu gerði við rásarkið en úr veðri rættist þegar hlaupið hófst. Á heildina litið var árangur KR Skokk mjög góður í Amsterdam en meðlimir þess urðu efstir Íslendinga í öllum þremur hlaupunum. Í heilu maraþoni skilaði Hannes Hrafnkelsson sér í mark á tímanum 03:00:53 og Margrét Elíasdóttir á 03:26:04, í hálfmaraþoni hljóp Benedikt Sigurðsson á tímanum 01:28:32 og í 8 kílómetrum hljóp Ágúst Sæmundsson á tímanum 39:52 og Guðrún Dröfn Gunnarsdóttir á 47:32.

## Með verðlaunapeninga um alla borg

Andrúmsloftið í Amsterdam eftir hlaupið var skemmtilegt. Um alla borg mátti sjá fólk sem bar verðlaunapeninga um hálsinn og þá kom berlega í ljós hversu gríðarlegur fjöldi þátttakenda var og hversu mikinn svip keppnin setur á borgina. Alls voru keppendur í maraþoninu rúmlega 44 þús. frá um 93 þjóðlöndum en þar af voru yfir hundrað Íslendingar. KR-ingar söfnuðust saman á steikarstaðnum Gauzhos um kvöldið til þess að samfagna og að sjálfsögðu báru allir medalíu um hálsinn. Mikil gleði og samkennd var í hópnun sem náð hafði markmiði sínu og almenn ánægja var meðal allra með ferðina í heild sinni.

Kristrún Halla Helgadóttir  
Þorfinnur Skúlason

# KR-SÍÐAN



## Bjarni og Guðmundur ráðnir þjálfar KR

Bjarni Guðjónsson hefur verið ráðinn þjálfari KR. Guðmundur Benediktsson, sem stýrði Breiðabliki í sumar, verður aðstoðarmaður Bjarna, en nýtt þjálfarateymi var kynnt fyrir stuttu. Bjarni og Guðmundur taka við starfinu af Rúnari Kristinssyni og Pétri Péturssyni.

Bæði Bjarni og Guðmundur eiga farsæla ferla að baki sem leikmenn KR. Bjarni varð Íslandsmeistari 2011 og 2013 og bikarmeistari 2008, 2011, 2012 og 2014. Guðmundur lék í tvígang

með KR, en hann varð fyrst Íslandsmeistari með félaginu árið 1999 og aftur árið 2000. Hann vann Íslandsmeistaratitilinn aftur með KR 2002 og var svo aðstoðarþjálfari Willums Þórs Þórssonar árið eftir þegar KR vann fjórða titilinn á fimm árum. Guðmundur hætti að spila með KR árið 2009 og stýrði Selfossi í efstu deild árið eftir. Hann þjálfaði Breiðablik í sumar eftir að vera aðstoðarþjálfari Ólafs Kristjánssonar til tveggja ára.



Kristinn Kjærnsted formaður knattspyrnudeildar KR ásamt Bjarna og Guðmundi.



www.kr.is

# Sigrar í 1. deild karla í borðtennis

Bæði lið KR sigruðu í leikjum sínum í 3. umferð 1. deildar karla í borðtennis, sem fram þann 19. nóvember. A-lið KR sigraði B-lið Víkings 4-3 og B-lið KR sigraði BH 4-2.

Fyrir KR-A léku Breki Þórðarson, Kári Mímisson og Pétur Marteinn Tómasson við Magnús Jóhann Hjartarson, Óla Pál Geirsson og Síndra Þór Sigurðsson. KR-ingarnir unnu allir einn einliðaleik og töpuðu einum. Kári og Pétur unnu svo tvíliðaleikinn. Leikurinn var jafn og spennandi og réðust úrslitin í oddalotu 7. leikjarins, þar sem Pétur sigraði Óla Pál 11-9.

Í liði KR-B léku Hlöðver Steini Hlöðversson, Kári Ármannsson og Pétur Gunnarsson gegn Ingimar Ingimarssyni, Jóhannesi Bjarka Tómassyni og Tómasi Inga Shelton, sem allir eru fyrrverandi leikmenn KR. Hlöðver og Pétur unnu tvo einliðaleiki hvor og tryggðu 4-2 sigur.

Í 2. umferð, sem fór fram 5.-6. nóvember sigraði KR-A BH 4-3 en KR-B tapaði 2-4 fyrir Íslandsmeisturunum í A-liði Víkings. Í

leik KR-A og BH vann Kári Mímisson báða sína einliðaleiki og tvíliðaleikinn með Pétri Marteini Tómassyni. Pétur vann svo Magnús Gauta Úlfarsson í 7. leiknum 3-1. Auk þeirra lék Breki Þórðarson leikinn fyrir KR-A.

Í leik B-liðsins sigraði Einar Geirsson Magnús Finn

Magnússon 3-0 og Pétur Gunnarsson gerði sér lítið fyrir og sigraði landsliðsmanninn Daða Frey Guðmundsson 3-2. Auk þeirra léku Hlöðver Steini Hlöðversson og Kári Ármannsson leikinn af hálfu KR-B.



GETRAUNANÚMER  
KR ER 107



Rauða ljónið  
síðan 1989

HEITUR MATUR  
Í HÁDEGINU  
OG Á KVÖLDIN

TAKTU MEÐ  
eða  
BORÐAÐU Á STAÐNUM

Alvöru matur





# DESEMBER TILBOÐ

○ **2 fyrir 1  
af margskiptum glerjum**

○ **20% afsláttur  
af gleraugum**

○ **15% afsláttur  
af linsum**

Sjónmælingar

**101 optic**

Skólavörðustíg 2  
511 2500

**Gleraugað**

Bláu húsin við Faxafen  
568 1800

Kringlan  
588 9988